

JÓHANNES FINNUR HALLDÓRSSON

### Sló golfkúllur ofan af Hvannadalshnúki

• heilsa  
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HILMAR VEIGAR

### Bankasvindl hjá EVE Online

Bankastjóri sveik viðskiptavini sína.  
FÓLK 26



RAGNAR BRAGASON

### Leikur í Mömmu Gógó

Leikstýrt af Hilmi Snæ.  
FÓLK 26



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. júní 2009 — 141. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR



### Haffi sló í gegn

FM 957 með mikla afmælisveislu á Nasa.  
FÓLK 20

### Elsta krá landsins

Sport- og karóíkíbarinn Ölver er 25 ára í dag.



TÍMAMÓT 16

### Skuldir

„Málstaður Íslendinga núna er að ýmsu leyti sá sami og margar þjóðir þriðja heimsins hafa lengi haldið á lofti á alþjóðavettvangi – án þess að fá mikinn stuðning íslenskra stjórnvalda“, skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 14


### Valur vann í Kópavogi

Marel Baldvínsson og félagar í Val sóttu þrjú stig gegn Blikum í Kópavogi í gær.



ÍPRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG



**VÆTA OG HLÝINDI** Í dag verða suðaustan 8-13 m/s suðvestantil, en víða 5-10 síðdegis. Rigning eða skúrir sunnan- og suðvestanlands en þurr norðaustantil fram á kvöld. Hiti 10-17 stig, hlýjast í innsveitum.

VEÐUR 4

# Eignafrysting var nauðsynleg

Jóhanna Sigurðardóttir sendi Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, bréf og innti hann viðbragða við skýrslu breskrar þingnefndar um beitingu hryðjuverkagallanna. Brown segir að nauðsynlegt hafi verið að grípa til laganna. Brown gefur ekkert pláss fyrir efa í bréfinu, segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur.

**UTANRÍKISMÁL** Það var rétt af Bretum að beita hryðjuverkagallunum gegn Landsbankanum á sínum tíma, til að tryggja fjármálastöðugleika í Bretlandi, segir Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, í svarbréfi til Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra.

Í bréfinu, sem Fréttablaðið hefur afrit af, segist Brown hins vegar ætla að fara vandlega yfir, og bregðast við, skýrslu bresku þingnefndarinnar, sem komst að því að beiting laganna hefði verið afar gagnrýniverð.

Brown segir breska fjármálaráðuneytið einnig ætla að taka lögin til skoðunar, samkvæmt tilmælum nefndarinnar.

Jóhanna skrifaði Brown bréf 7. apríl og ræddi meðal annars skýrsluna. „Ég hefði mikinn áhuga á að heyrna hvernig ríkisstjórn þín muni bregðast við niðurstöðunni og sérstaklega hvort frystingunni á Landsbanka verði aflétt,“ sagði hún. Slík sáttaumleitan yrði metin að verðleikum.

Einnig harmaði Jóhanna að hún hefði ekki komist á Nató-fundinn síðasta og tilkynnti að

„Ég hefði mikinn áhuga á að heyrna hvernig ríkisstjórn þín muni bregðast við niðurstöðunni og sérstaklega hvort frystingunni á Landsbanka verði aflétt.“

**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**  
FORSÆTISRÁÐHERRA

Íslensk Icesave-samninganefnd hefði verið skipuð. Sú hefði umboð til að ná niðurstöðu í samningunum, í samræmi við þær línur sem lagðar voru í Brussel í nóvember. Jóhanna sé tilbúin að gera sitt allra ítrasta til að leysa Icesave-deiluna.

Þá segist forsætisráðherra vilja hafa góð tvíhliða tengsl við Bretland. Þá minnir hún á sameiginlega hagsmuni, til að mynda í baráttu gegn skattaskjólum. Í þá þágu hafi Íslendingar fengið Evu Joly sér til liðs.

Svarbréf Browns er frá 24. apríl. Fyrir utan það sem á undan segir, tekur hann þar undir með Jóhönnu að brýnt sé að Icesave-deilan

verði leyst og að þjóðin standi við skuldbindingar sínar. Einnig minnst hann á skattaskjólun og að fjármálaráðuneyti sitt hafi boðið upp á tvíhliða viðræður um þau.

„Ég er í engum vafa um að samskipti Íslands og Bretlands eiga sér bjarta framtíð, horft áfram veginn,“ segir Brown í lokin.

Fréttablaðið bar efni bréfanna undir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing. Hann segir bréf Jóhönnu hljóma kurteislega en að greina megi alvarlegan undirtón. Mörgum hafi vírst nokkur sigur unninn með skýrslu bresku nefndarinnar. Jóhanna spyrji því sem svo hvort ekki eigi að bregðast við þessu.

„En í þessu bréfi gefur Brown ekkert pláss fyrir neinn efa um að íslenskum stjórnvöldum beri að ábyrgjast Icesave-reikningana. Það er enginn vafi þar,“ segir Guðni. Mergur málsins, að mati Browns, sé sá að ákveðnar ástæður hafi verið fyrir eignafrystingunni.

„Og Jóhanna gat þá fengið það staðfest enn einu sinni að það yrði erfitt að taka eina runu til viðbótar í þeim leik,“ sagði Guðni. - kóp



**LAUFLÉTT STEMNING Í BLÁA LÓNINU** Það er ekki nóg með að hvíta leðjan í Bláa lóninu fari vel með húð því hún getur greinilega létt mönnum lundina eins og hjá þessum fjöru ferðamönnum sem voru að lauga sig í gær. Þeir koma svo væntanlega með mjúka húð og glatt geð til síns heima eftir Íslandsveruna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forsætisráðherra er bjartsýn á greiðan gang í viðræðum við Evrópusambandið:

## ESB-aðild innan þriggja ára

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra telur að Ísland geti orðið aðili að Evrópusambandinu innan tveggja til þriggja ára.

Jóhanna kynnti norrænum starfsbræðrum sínum gang mála í Evrópusambandsáætlunum ríkisstjórnarinnar í gær.

Á fundi forsætisráðherra Norðurlandanna á Egilsstöðum lýstu norrænir starfsbræður hennar sig reiðubúna til að veita ráð og aðstoð við undirbúning aðildarviðræðna við ESB.

Munar mestu um fyrirheit Svía þar um en þeir fara með for-

mennsku í ráðherraráði Evrópusambandsins frá næstu mánaðamótum.

„Það skiptir miklu máli að hafa Norðurlöndin við bakið á okkur. Það er ómetanlegt að geta leitað til þeirra um ráðgjöf,“ segir Jóhanna.

- bps / sjá síðu 4

4.437 vilja í meira nám:

## Aldrei fleiri í framhaldsskóla

**MENNTAMÁL** Metaðsókn er í framhaldsskóla landsins. Samtals bárust 4.437 umsóknir frá nemendum úr 10. bekk sem er um 96 prósent þeirra sem kláruðu grunnskólann í ár. Þetta er hæsta hlutfall umsókna frá upphafi.

Mörgum nemendum var synjað um inngöngu. Rúmlega 200 var synjað um skólavist í Verslunarskóla Íslands og um 90 í Menntaskólann í Reykjavík. Um 263 sóttu um í Menntaskólann á Akureyri.

„Þetta er með því mesta sem verið hefur,“ segir Jón Már Héðinsson, skólameistari MA.

- vsp / sjá síðu 10

74%

34%

Morgunblaðið

Fréttablaðið

Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

**Ertu læs á fjármál?**

Kannaðu fjármálalæsi þitt á [byr.is](http://byr.is). Það kostar ekki neitt og tekur ekki nema nokkrar mínútur. Fjármálpróf Byrs var þróað í samstarfi við **Stofnun um fjármálalæsi við Háskóla Íslands**. Það metur fjármálalæsi þitt og er sneisafullt af gagnlegum fróðleik um fjármál að auki. Rannsóknir hafa leitt í ljós að um helmingur Íslendinga vill vita meira um fjármál. **Taktu fjármálprófið á [byr.is](http://byr.is).**

Fjárhagsleg heilsa

BYR SPARISJÓÐUR



Tónlist.is  
Skráðu þig á  
siminn.is

800 7000 • siminn.is



# Milljónir laga í símann og tölvuna án þess að borga krónu aukalega!

Í sumar býður Síminn viðskiptavinum sínum Sumaráskrift\* að Tónlist.is fyrir 0 kr. aukalega.\*\* Þar geta þeir hlustað á upphaldslögin sín í símanum eða tölvunni eins oft og þeir vilja.

Þú færð ekki bara upphaldslagið þitt, heldur 2,5 milljónir íslenskra- og erlendra laga til viðbótar. Farðu á siminn.is, skráðu þig og njóttu þess að hlusta hvar og hvenær sem er.

\*Streymi á erlendra tónlist flokkast sem erlent niðurhal, nánar á Tónlist.is.  
\*\*Viðskiptavinir í GSM áskrift, Minu Frelsi eða ADSL internetþjónustu.

Það er Síminn 

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,68	128,28
Sterlingspund	208,92	209,94
Evra	177,23	178,23
Dönsk króna	23,797	23,937
Norsk króna	19,886	20,004
Sænsk króna	16,362	16,458
Japanskt jen	1,3006	1,3082

SDR	196,09	197,25
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	216,8908	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Skoðað hvort hagkvæmt sé að beina frekar fé í LÍN en atvinnuleysistryggingar:

# Samspil sjóðanna í athugun

**ALÞINGI** Til athugunar er hvort hagkvæmara væri að beina ríkisfé inn í Lánasjóð íslenskra námsmanna frekar en atvinnuleysistryggingasjóða til að laða fólk í nám. Þetta sagði Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra á Alþingi í gær.

Jónína Rós Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði Katrínu hvort til stæði að hækka lánin fyrir næsta skólaár, í það minnsta þannig að þau héldu í við verðþróun. „Það þarf að vera raunhæfur möguleiki að lifa á þessum lánum,“ sagði Jónína.

Katrín sagði að það eitt að verðbæta lánin myndi kosta ríkissjóð



**SKOÐAR MÁLIÐ** Menntamálaráðherra sagðist gera sér grein fyrir því að 106 þúsund krónur á mánuði væri afar lág framfærsla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

1,4 milljarða. Það væri alveg ljóst að þeir peningar væru ekki til í

menntamálaráðuneyti sem þyrfti að skera niður.

Hún sagði hins vegar að til skoðunar væri í menntamála- og félags- og tryggingamálaráðuneyti, hvort einhvers konar samspil Lánasjóðsins og atvinnuleysistryggingasjóðs væri mögulegt. Þannig kynni að vera hægt að bjóða námsmönnum upp á það að þiggja atvinnuleysisbætur, þótt þeir væru skráðir í námskeið.

Enn fremur væri í skoðun hvort það væri þjóðhagslega hagkvæmt að beina frekar auknu fé í Lánasjóðinn en í atvinnuleysistryggingasjóð. Þannig væri hugsanlega hægt að laða fólk í nám.

Sakbitnir hundar:

## Bregðast við skömmum

**ERLENT** Nýleg rannsókn sem gerð var við Bernard-háskólann í New York hefur leitt í ljós að hið sakbitna augnaráð sem eigendur telja sig sjá hjá hundum sínum sé ímyndun ein. Þeir sem stóðu að rannsókninni töldu hunda-eigendum trú um að hundur þeirra hefði gert eitthvað af sér. Allir eigendurnir þóttust geta greint hið sakbitna augnaráð hjá hundinum, jafnvel þótt dýrið hefði ekkert af sér gert. Rannsóknin leiddi því í ljós að hundarnir voru ekki þjakaðir af samviskubiti heldur aðeins að bregðast við skömmum húsbónda sinna.

- sm

Fimm menn handteknir:

## Brutust inn í Háskóla Íslands

**LÖGREGLUMÁL** Fimm voru handteknir í fyrrinótt eftir innbrot í húsnæði Háskóla Íslands við Suðurgötu. Lögreglu barst tilkynning um innbrotið og fór á staðinn. Þar komu lögreglumenn að þjófi innandyra og tóku hann höndum.

Fjórir félagar mannsins lögðu á flóttu á bíl þegar lögreglu bar að. Þeir voru stöðvaðir á leið sinni frá háskólanum og handteknir.

Fimm menningarnir voru á aldrinum 16 til 25 ára. Þeir hafa allir komið við sögu lögreglu áður.

# Jóhanna vonast eftir ESB-aðild innan þriggja ára

Forsætisráðherra segir ómetanlegt að geta leitað til norrænna starfsbræðra sinna eftir ráðgjöf vegna aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Hún telur að aðild Íslands geti orðið að veruleika eftir tvö til þrjú ár.

**STJÓRN MÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra telur að Ísland geti orðið aðili að Evrópusambandinu innan tveggja til þriggja ára.

Hún greindi frá því mati sínu á blaðamannafundi í gær sem haldinn var í kjölfar samfundar forsætisráðherra Norðurlandanna á Egilsstöðum.

Jóhanna kynnti norrænum starfsbræðrum sínum gang mála í Evrópusambandsáætlunum ríkisstjórnarinnar. Var þeim vel tekið og buðu forsætisráðherrarnir fram aðstoð við undirbúning aðildarviðræðna.

„Það skiptir miklu máli að hafa Norðurlöndin við bakið á okkur. Það er ómetanlegt að geta leitað til þeirra um ráðgjöf,“ sagði Jóhanna í samtali við Fréttablaðið.

Sérstaklega telur hún styrk af Svíum sem taka við formennsku í ráðherraráði Evrópusambandsins um næstu mánaðamót. Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, kvað Svía reiðubúna að leitast við að greiða aðildarumsókn Íslendinga leið og koma henni á dagskrá eins fljótt og auðið væri. Jóhanna ræddi sérstaklega við Reinfeldt og telur að það muni skila sér í ferlinu.

Lars Lökke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sagði vel fara á því að aðildarferli Íslands hæfist í formennskutíð Svía og ánægjulegt væri ef því lyki í formennskutíð Dana en þeir verði við stjórnvölinn í ráðherraráðinu árið 2012.

Jóhanna segir áform ríkisstjórnarinnar ganga út á að Evrópusambandsstillaga hennar verði samþykkt fyrir hluta júlímánaðar og að unnt verði að kynna undirbúningsferlið á fundi utanríkisráðherra Evrópusambandsríkjanna í júlilok. Formleg aðildarumsókn verði svo lögð fyrir leiðtoga-fund ESB í lok desember. Hún kveðst bjartsýn á að Alþingi samþykki tillöguna og telur að niðurstaðan verði þvert á alla flokka. Endanleg ákvörðun um aðild ráðist svo af niðurstöðum aðildarviðræðnanna. „Ég er viss um að við munum ekki þurfa að láta af hendi yfirráð yfir sjávarútvegs-auðlindunum en það er mikilvægt að fá að vita hvað er í boði svo við getum valið og hafnað. Ég vil sjá það og komi í ljós einhver vafamál varðandi sjávarútveginn vakna efasemdir hjá mér um að við eigum að ganga alla leið.“

bjorn@frettabladid.is



**UNDIR FÁNABORG** Forsætisráðherrarnir Norðurlandanna í Hallormsstaðarskógi í blíðviðrinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/BPS



**ÁRITUN** Þessi austurríska kona bað Jóhönnu að rita nafn sitt í bók sonar síns, Alexanders.



**MÁLIN RÆDD** Jóhanna og Reinfeldt stungu saman nefjum á Vallanesbúinu í Fljótsdalshéraði.

Framkvæmdastjóri Bónuss:

## Segir ASÍ villa um fyrir fólki

**NEYTENDAMÁL** Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir að Alþýðusamband Íslands hafi villt um fyrir neytendum með því að bera saman tvær ólíkar vörutegundir í verðkönnun sinni.



**GUÐMUNDUR MARTEINSSON**

Í niðurstöðum hennar segir að ferskur ávaxtasafi kosti 219 krónur í Bónus en 99 krónur í Krónunni. „Þarna er ekki verið að bera saman sömu vöruna,“ segir Guðmundur. „Þessi safi sem kostar 219 krónur hjá okkur er Trópi-safi með tiltölulega stuttan líftíma en safinn sem kostar 99 krónur í Krónunni er annars konar safi og allt önnur vara.“

Við erum með sama safi hjá okkur og kostar hann 98 krónur. Það er samanburðurinn sem væri eðlilegast að gera en þetta er ekki í fyrsta sinn sem ASÍ fer þá leið að gera svona villandi samanburð.“

- jse

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið

## VEÐURSPÁ

**Elisabet Margeisdóttir**  
veðurfréttamaður

**HEIMURINN**

Alicante	26°
Basel	23°
Berlín	17°
Billund	17°
Eindhoven	18°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	22°
London	22°
Mallorca	28°
New York	24°
Orlando	34°
Ósló	15°
París	23°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	14°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**17. JÚNÍ VEÐRIÐ**  
Á morgun verður dálítill rigning eða skúrir í flestum landshlutum en við gætum fengið ágætis sólaraklaða á milli skúra. Það verður yfirleitt fremur hægur vindur og má því segja að veður verði skaplegt á þjóðhátíðardaginn þrátt fyrir smá vætu. Á fimmtudag fer kólnandi með norðanátt.

Á MORGUN 17. JÚNÍ  
5-10 m/s NV-til, annars hæg breytileg átt.

FIMMTUDAGUR  
Norðan 5-10 m/s.

# Tekur appelsínur í karphúsið

Áhugaverðar staðreyndir um mikið magn C-vítamíns  
og ótrúlega hæfileika paprikunnar til að skipta litum



Á að vera þétt og föst í sér  
og með fallegum og sterkum lit  
þegar hún er keypt

Geymist best  
í 15°-18°hita

Er algjörlega fitusnaud  
og inniheldur  
lítið af kalóríum

Er fyrst græn áður  
en hún breytir um lit

Inniheldur  
B6-vítamín

Er svo rík af C-vítamíni  
að hún jafnast á við  
fjórar appelsínur

Er oft notuð til að fegra mat  
því þótt hún bragðist mjög vel gefur  
fallegur litur hennar mjög sérstakt yfirbragð

Paprikur eru til í gulum, rauðum,  
grænum, appelsínugulum, fjólubláum  
og meira að segja brúnum lit

islenskt.is





Myndirðu sakna verslunar Máls og menningar af Laugaveginum?

Já	61%
Nei	39%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að leyfa ætti staðgöngumæðrun (þar sem kona gengur með barn fyrir annað par) á Íslandi? **vísir**

Fyrirlestur Guðna Th. Jóhannessonar um Icesave-deiluna:

# Andvaraleysi alþingismanna

**EFNAHAGSMÁL** „Ráðamenn urðu líkt og kanínur á miðjum vegi fyrir framan trukk,“ segir Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík, um vinnubrögð og viðbrögð íslenskra ráðamanna við hruni íslensku bankanna. Guðni fjallaði um Icesave-deiluna í fyrirlestri í gær.

Auk þess segir Guðni að andvaraleysi og vanmat ráðamanna á alvarleika Icesave-deilunnar hafi gert stöðuna enn verri. Auk þess sem ekki var tekið á málinum fyrir en allt var farið til fjandans. „Ráðamenn frusu, stjórnkerfið vanbúið auk

þess sem það voru einstaklingar innan kerfisins sem áttu að standa sig mun betur,“ segir Guðni. Hann bendir þó á að stjórnkerfið sé fámennt og illa búið undir að takast á við áföll af þessari stærðargráðu.

Fyrirlestur Guðna var nefndur Icesave-deilan: Orsakir, atburðarás og valkostir. Fyrirlestur byggðist að hluta á nýlegri bók Guðna, sem heitir Hrunið.

- bpa

**FYRIRLESTUR UM ICESAVE-DEILUNA**  
Guðni Th. Jóhannesson fjallar um aðdraganda og orsakir Icesave-deilunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR



Endurmenntun:

## Stærsti árgangur útskrifaður

**BRAUTSKRÁNING** Stærsti árgangur Endurmenntunar Háskóla Íslands hingað til var brautskráður við hátiðlega athöfn á föstudaginn. Brautskráðir voru 149 kandiðatar af sex námsbrautum.

Kristín Jónsdóttir endurmenntunarstjóri ávarpaði nemendur og gesti og fór yfir starfsemi ársins sem og nýjar námsbrautir sem fara af stað í haust og um áramót. Þá var flutt hátiðarræða og ávarp nemenda.

Að loknum ræðuhöldum voru prófskrírteini afhent en átta nemendur hlutu verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur. - mmf

# Vilja fella ríkisábyrgð Icesave-skulda úr gildi

InDefence-hópurinn vill fella Icesave-samninginn úr gildi og setjast aftur við samningaborðið. Telja erfitt að standa undir vaxtagreiðslum. Leggja til að greitt verði hlutfall af landsframleiðslu. Bæta þarf upplýsingaflæði til þingmanna.

**EFNAHAGSMÁL** „Við verðum að neita að samþykka ríkisábyrgð á Icesave-skuldbindingarnar án einhvers konar fyrirvara,“ segir Ólafur Elfsson, einn af forsvarsmönnum InDefence-hópsins um Icesave-samninginn.

Hann telur að líkt og staðan sé nú eigi bresk og hollensk yfirvöld einungis vafasama lagalega kröfu á Íslendinga. Ólafur bendir hins vegar á að ef samningur er samþykktur þá munu Bretar og Hollendingar eiga fullkomlega gilda lagalega kröfu á hendur íslenska ríkinu að sjö árum liðnum. Því sé nauðsynlegt að bregðast við nú. Nauðsynlegt er að neita samningnum og setjast aftur að samningaborðinu.

Samkvæmt gögnum frá InDefence-hópnum er talið að vaxtagreiðslur af Icesave-lánum verði um 40 milljarðar á ári eftir sjö ár. Í fréttayfirlýsingu frá hópnum er lýst áhyggjum af þeim skuldbindingum sem samningurinn felur í sér og erfitt sé að afla nægilegra gjalddeyrstekna til að standa undir þeim byrðum sem felast í vaxtagreiðslum af gjalddeyrslánum frá breskum og hollenskum stjórnvöldum.

„Við lifum í upplýstu samfélagi og þess er krafist að spurt sé spurninga í dag en ekki að sjö árum liðnum,“ segir Magnús Árni Skúlason, annar af forsvarsmönnum hópsins. „Menn verða að axla ábyrgð, ekki fleyta þessu á undan sér heldur takast á við vanda-



**BLAÐAMANNAFUNDUR INDEFENCE** Hópurinn telur að axla eigi ábyrgð og takast á við vandamálið nú þegar í stað þess að fleyta vandamálinum á undan sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

málið strax,“ segir hann. Magnús bendir á að það sé í anda hins nýja Íslands að skoða málið nú og taka upplýsta ákvörðun í dag.

Á fundinum kom fram skýr krafa um að alþingismenn og aðrir ráðamenn fái allar þær upplýsingar sem til eru svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um málið. Forsvarsmenn InDefence-hópsins telja upplýsingaflæði og samvinnu við hópinn ekki nægilegt. Bent var á að þegar hópurinn hélt til Bretlands í vetur þá

fékk hann meiri tíma með breskum yfirvöldum en hópurinn hefur fengið með íslenskum ráðamönnum.

„Við viljum ekki að landið hætti að greiða skuldir heldur að landið hafi forsendur til að greiða skuldirnar niður,“ segir Magnús Árni Skúlason, einn af forsvarsmönnum hópsins. Ein af þeim lausnum sem hópurinn leggur til er að greiða fast hlutfall af landsframleiðslu á næstu árum.

bta@frettabladid.is



## RÍKISVÍXLASJÓÐUR

Nýr og traustur kostur fyrir einstaklinga, fyrirtæki og aðra fjárfesta.

90% ríkisvixlar og ríkisskuldabréf



10% innlán

Þér býðst ekki meira öryggi en **ríkisábyrgð**

- Vixlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánnum.
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- Lágmarkskaup aðeins 5.000 kr.
- Hægt að vera í mánaðarlegum sparnaði.

Kynntu þér Ríkisvixlasjóð á [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is), hafðu samband við **Ráðgjöf Kaupþings** í síma **444 7000** eða komdu við í næsta útibúi.




Ríkisvixlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Vækin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhættu fjárfestingu í hlutdeildarskránum verðbréfasjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að illu leyti. Fyrir ávöxtun verðbréfasjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.a.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskránum þeirra, má finna í útboðsýsingu eða útdrátti úr útboðsýsingu sjóðanna sem nálgast má á [www.kaupthing.is/sjodir](http://www.kaupthing.is/sjodir).

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 eru „innstæður í innlendum viðskiptabóknum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu“. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki kveðið á um gildistíma, en yrði hún felld úr gildi þá tæki við lágmarksvernd samkvæmt lögum nr. 98/1999, sem greinir frá að ofan. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum verðbréfasjóða s.s. skuldabréfum eða vixlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, [www.tryggingarsjodur.is](http://www.tryggingarsjodur.is).

**Neytendur:** Ferðast um Ísland í sumar

## Tvö kort, 31 vatn og 31 tjaldsvæði



**DR. GUNNAR**  
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Það verður ferðast um gamla góða skuldum vafna Ísland í sumar. Það er alltof dýrt að gista á hótélum, en sem betur fer eru tjaldsvæði á Íslandi fjölmörg.

Nýlega opnaði heimasíðan [tjalda.is](http://tjalda.is) sem býður upp á gott yfirlit yfir tjaldsvæðin. Oftast er tekið gjald á bilinu 500-1.000 kr. á hvern fullorðinn fyrir nóttina. Sjái fólk fram á langar tjaldlegur er Útilegukortið fljótt að borga sig upp.

Það kostar 12.900 kr. og veitir eiganda kortsins, maka og börnum, frjá gistingu á samtals 31 tjaldsvæði. Kortið fæst hjá N1 og víðar (utilegukortid.is).

Samkvæmt lögum nr. 44 frá 1994 má maður svo tjalda til einnar nætur nánast hvar sem er, jafnvel innan girðingar eins lengi og maður er ekki á ræktarsvæði. Ef landeigandi býður hins vegar upp á hefðbundið tjaldsvæði er honum leyfilegt að visa manni þangað.

Mörgum finnst gaman að renna fyrir fisk. Besti kosturinn er að fá sér Veidikortið (veidikortid.is). Það fæst hjá N1 og víðar og veitir ótakmarkaðan aðgang að 31 vatnasvæði víðs vegar um landið. Kort-



**TJALDAB Á VÍÐAVANGI** Samkvæmt lögum má tjalda nánast hvar sem er til einnar nætur.

ið kostar 6.000 kr og gildir út veiðitímabilið. Það gildir fyrir einn fullorðinn (ein stöng!) og börn undir 14 ára í fylgd með korthafa. Nenni fólk ekki langt má benda á Reynisvatn (reynisvatn.is) í Grafarholti. Þar kostar veiðileyfið 4.000 kr. og gildir út árið. Eitt leyfi gefur kvóta upp á fimm fiska yfir 500 grömm.

Léttari fiskar teljast ekki með. Þá er bara að byrja að tjalda og veiða!

Þ V O T T A

4.-21.  
JÚNÍ

D A G G A R



# TILBOÐSVERÐ

## 15% afsláttur

**AEG**  
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

TF1255E



Elektro **EH** Helios

### Elektro Helios þvottavél

1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanlega þvottakerfi. Þvottahæfni: A Þeytivistuafköst: B · Orkuflokkur: A+

**TILBOÐSVERÐ:**  
**KR. 89.900.-**

TF1465E



### Elektro Helios þvottavél

1400 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanlega þvottakerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A Þeytivistuafköst: B · Orkuflokkur: A+

**TILBOÐSVERÐ:**  
**KR. 99.900.-**

**HÉR SPARAR ÞÚ 39.900,-**

LAVAMAT 62840

**NÝJA PARIÐ**



LAVATHERM T55460

### AEG þvottavél

1200 snúninga · 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.

Listaverð: Kr. 229.800,- parið  
**TILBOÐSVERÐ:**  
**Kr. 189.900,- parið**

### AEG þurrkari

Barkalaus · Tekur 6 kg. Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur

LAVAMAT 62840



**AEG**  
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

### AEG þvottavél

1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivistuafköst: B Orkuflokkur: A+

**TILBOÐSVERÐ:**  
**KR. 109.900**

LAVAMAT 64840



### AEG þvottavél

1400 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivistuafköst: B Orkuflokkur: A+

**TILBOÐSVERÐ:**  
**KR. 119.900**

**HÉR SPARAR ÞÚ 49.900,-**

LAVAMAT 64851

**ÍSLENSKA PARIÐ**



LAVATHERM 56740

### AEG þvottavél

1400 snúninga · 7 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

Listaverð: Kr. 279.800,- parið  
**TILBOÐSVERÐ:**  
**Kr. 229.900,- parið**

### AEG þurrkari

Barkalaus · Tekur 7 kg. Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

Allar einstakar þvottavélar og þurrkarar nú á tilboðsverði. Þú gerir ekki betri kaup á hágæða þvottavélum!

**ORMSSON**

**Gerðu hreinlega góð kaup!**

UMBOÐSMENN  
UM LAND ALLT

Sjá nánar á [www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

ORMSSON  
LÁGMÚLA 8  
SÍMI 530 2800

ORMSSON  
SMÁRALIND  
SÍMI 530 2900

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
MODEL-AKRANESI  
SÍMI 431 3333

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751


ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
VÍK-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160



**20% AFSLÁTTUR AF FATNAÐI FRÁ**

**MOUNTAIN HARD WEAR**

**EVEREST**

**FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN**

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

**PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF**

Svar viðskiptaráðuneytis vegna fyrirspurnar um ráðherrabíla:

## Bíllinn spari tíma og auki öryggi

**STJÓRN MÁL** Starf viðskiptaráðherra, starfsskipulag og dagleg dagskrá, er það umfangsmikið að nauðsynlegt er talið að hann hafi bílstjóra og bifreið til afnota, segir í svari viðskiptaráðuneytisins við fyrirspurn blaðsins um ráðherrabíla.

Einnig er litið til öryggismála, en allir ráðherrabílar eru búnar sérstökum öryggis- og fjarskiptakerfi. „Í ljósi núverandi efnahagsástands er ekki séð á þessu stigi að eðli starfa ráðherra breytist, nema þá helst að ráð má gera fyrir auknu álagi á næstu missurum,“ segir í svari.

Tekið er fram að bílstjórnarnir sinni einnig öðrum störfum fyrir ráðuneytin. Bifreiðahlunnindi ráðherra eru skattskyld.

Í blaðinu í gær kom fram að ekki hefðu borist svör frá viðskiptaráðuneytinu við þessari fyrirspurn sem send var á öll ráðuneyti, en það mun ekki vera rétt, heldur hefur svarið glatast á einhvern



**FYRIR UTAN STJÓRNARRÁÐIÐ** Viðskiptaráðuneytið svaraði ekki spurningu um hvort hugsanlegt væri að ódýrari bílar kæmu að sömu notum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hátt hér á blaðinu. Eina ráðuneytið sem svaraði ekki fyrirspurninni er því fjármálaráðuneytið. - kóp

Efnin sem fólk hellir í niðurföll í nágrenni Varmár fara beint út í ána:

## Mengun líklega frá heimilum

**UMHVERFISMÁL** Líklegt er að mengunin sem olli fiskdaða í Varmá í Mosfellsbæ fyrir helgi hafi runnið út í ána gegnum regnvatnskerfi bæjarins. Þar í gegn fer meðal annars allt sem hellt er ofan í niðurföll í bænum, þar á meðal niðurföll í bílskúrum.

Þetta er mat framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðisins, Þorsteins Narfasonar. Hann tekur fram að ekki hafi aðrar orsakir verið útilokaðar, nema hvað að Orkuveita Reykjavíkur hafi sagt að heitt vatn hafi ekki runnið út í ána frá Orkuveitunni.

„Við vitum ekki hvað olli þessu, en í þessum eldri hverfum, eins og víðast á landinu, er þetta tvöfalt kerfi, þannig að skólpið fer sína leið en regnvatnið lekur í næstu á. Þannig er alltaf áhætta á ferð. Allt



**DAUÐIR FISKAR** Milli fimmtíu og hundrað dauðir fiskar fundust í Varmá 12. júní síðastliðinn. Líklegt þykir að mun fleiri hafi drepist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sem fer í niðurfallið fer út í á og fólk á því alls ekki að hella niður spilliefnum,“ segir hann.

Sem dæmi um hugsanlega mengunarvalda sé líklegast að einhver hafi eittrað garð sinn og hellt afgangsefnum í niðurfallið.

Eins gæti þetta hafa verið klór-

mengun, hafi heitur pottur verið þvegin, eða sundlaug, en nokkrar slíkar eru fyrir ofan mengaða svæðið. Þetta sé þó bara ein kenning af mörgum.

Æskilegt væri ef bærinn hugði að leiðum til að minnka hættuna af núverandi regnvatnskerfi. - kóp

# KRONAN fyrst og fremst ódýr

## FRÁBÆR TILBOÐ FYRIR FJÖLSKYLDUNA!

**1189** kr. kg  
Lambalæri kryddað  
verð áður 1798

**33%** afsláttur

**349** kr. pk.  
Íslandskaffi baunir & malað

verð frá **229** kr. stk.  
First Price marmelaði  
4 tegundir, 400g

**149** kr. stk.  
Pepsi 2 lítrar

**299** kr. pk.  
Sambó nammi

**139** kr. stk.  
Fanta appelsín  
2 lítrar

Verð frá **399** kr. stk.  
Mikið úrval af blöðrum fyrir 17. júní!



Þrír handteknir á jeppa:  
**Með stolið vél-  
hjól í skottinu**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók þrjá menn í Kópavogi í fyrrinótt eftir að tilkynnt var um innbrot. Í kjölfarið sást til jeppa á ferð í nágrenninu sem ástæða þótti til að fylgja eftir þar sem farangurs- hleri bílsins var opin til hálf. Þegar lögregla nágaðist bílinn sá hún mann í skottinu halda hleran- um svo hann opnaðist ekki meira.

Þegar bíllinn var stöðvaður hlupu þremmingarnir úr bíln- um. Tveir náðust samstundis og einn skömmu síðar, að sögn lög- reglu. Í skotti bílsins fannst stórt mótorhjól, sem talið er að menn- irnir hafi stolið. Þeir hafa allir komið við sögu lögreglu áður. -sh

Til stendur að leigja út fyrstu hæð Héraðsskóla Laugarvatns eftir breytingar:  
**Ráðuneytið engin svör gefið**

**MENNTAMÁL** Verið er að taka fyrstu hæð gamla héraðsskólans á Laug- arvatni í gegn, að sögn Þráins Sig- urðssonar, sérfræðings á fjármála- sviði menntamálaráðuneytisins. Leggja á nýjar raflagnir og endur- nýja ljósabúnað. Húsið er friðað að utan sem og anddyri skólans.

„Reynt er að varðveita húsið eins og mögulegt er. Að vísu þurfum við að koma upp lyftu fyrir fatlaða í húsinu,“ segir Þráinn.

Til stendur að leigja hæðina undir embætti skipulags- og bygg- ingarfulltrúa byggðasamlags upps- veitar Árnassýslu og Flóahrepps um skipulags- og byggingarmál, að sögn Þráins. Einnig hefur verið



**HÉRAÐSSKÓLI LAUGARVATNS** Ráðist hefur verið í endurbætur á þessu forn- fræga húsi sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni og vígt árið 1928.

í umræðunni að Háskóli Íslands kæmi þarna að með einhver rann- sóknarverkefni.

Sjö manns vinna hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Sigurður Ingi Jóhannsson, alþingis-

maður og stjórnarformaður byggða- samlagsins, segir að það hafi verið í umræðunni í þrjú til fjögur ár að embættið kæmi þarna inn.

„Við höfum hins vegar engin formleg svör fengið frá ráðuneyt- inu um hvernig þetta mál stend- ur,“ segir Sigurður. Hann segir að byggðasamlagið hafi sent ráðu- neytinu bréf fyrir tveimur árum og ítrekað það nokkrum sinnum, en engin svör fengið.

„Ég hef upplýsingar um að aðrir hafi áhuga á að nýta þetta húsnæði og við höfum verið fyllilega til við- ræðu um slíkt, enda höfum við ekki verið að þrýsta á að fá þetta,“ segir Sigurður. -vsp



**FLÚRABUR SFINX** Gestur á húðflúrs- sýningu í Sankti Pétursborg í Rússlandi bauð upp á þennan flúraða egypska sfinx-kött. Kötturinn bar sig þryðilega miðað við aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KRISTJÁN MÖLLER** Vígði pósthús á Sauð- árkróki sem nú stendur í samkeppni við Kaupfélagið.

Samkeppni á Sauðárkróki:  
**Ríkið stofnar  
ritfangaverslun**

**FYRIRTÆKI** „Það er óskaplega vit- laust ef ríkið á að fara að setja upp ritfangaverslun,“ segir Árni Kristinsson, verslunarstjóri Kaupfélags Skagfirðinga.

Nýtt pósthús Íslandsþósts var opnað á Sauðárkróki fyrir skömmu. Kristján Möller sam- gönguráðherra vígði það. Þar er selt meðal annars skrifstofuvör- ur, ritföng, gjafakort og fleira. Kaupfélag Skagfirðinga er eina fyrirtækið sem selur ritföng á Sauðárkróki.

Árni segir að þetta sé lítið í sniðum á pósthúsinu en vonast til að það verði ekki stærra. -vsp

Lögreglan handtók dópsala:  
**Unglingsstúlk-  
ur í hasspartíi**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuð- borgarsvæðinu lagði hald á rúm- lega tuttugu grómm af marjúána í íbúð í miðborginni um helgina. Húsráðandi, karlmaður á þri- tugsaldri, var yfirheyrður vegna málsins. Hann hefur áður komið við sögu hjá lögreglu vegna sölu fíkniefna.

Í íbúðinni var hópur af fólki, þar á meðal þrjár unglingsstúlk- ur. Hringt var í foreldra þeirra sem komu og sóttu þær. Húsleitinn var framkvæmd að undangengn- um dómsúrskurði. -jss

Hrafn Gunnlaugsson:  
**Fær ekki bætur**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hefur hafnað kröfu Hrafns Gunnlaugs- sonar þess efnis að íslenska ríkinu beri að greiða honum bætur vegna líkamsárásar sem hann varð fyrir á Gíbralt- ar.



**HRAFN GUNNLAUGSSON**

Þar var hann á ferð með sam- býliskonu sinni og dóttur. Hann lenti í bifhjól- a-gengi sem réðst að honum með höggum og spörkum og reif af honum kvik- myndatökuvél.

Hrafn taldi margt óeðlilegt við málsmeðferð ytra, sem lauk með því að málinu var vísað frá dómi. Hann sótti því til bótanefndar, sem íslenskur ríkisborgari, sem brotið hefði verið á svo varði við hegningarlög. Honum var sýnjað og höfðaði þá mál til staðfestingar bótaskyldu íslenska ríkisins. -jss

# Hreint og kalt vatn í 100 ár

Í dag, 16. júní 2009, eru liðin 100 ár síðan vatni var hleypt á fyrsta brunahanann í Reykjavík. Þar stendur brunahani enn, við Kirkjuhúsið á horni Laugavegar og Vatnsstígs.

**Sérstök athöfn kl. 13:00**

Af þessu tilefni mun borgarstjóri Reykjavíkur, Hanna Birna Kristjánsdóttir, afhjúpa fyrsta minningarskjöldinn sem borgaryfirvöld hafa ákveðið að setja á sögufræg hús og byggingar í Reykjavík. Athöfnin hefst á horni Laugavegar og Vatnsstígs kl. 13:00.

**Dagskrá**

- Slökkviliðið kemur á svæðið með 2 bíla, einn gamlan og annan nýjan
- Brassveitin spilar nokkur lög
- Götuleikhúsið með gjörning
- Ávarp borgarstjóra og afhjúpun merkisins
- Borgarstjóri snýr sveif og skrifur frá vatninu í brunahananum með aðstoð slökkviliðsins
- Brassveitin spilar tvö lög
- Dagskrá lýkur

Allir velkomnir.



ÍSLENSKAUSAL/ORKUVEITA

• Á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur [www.or.is](http://www.or.is) er ítarlegt fræðslu og upplýsingaefni sem vert er að kíkja á.

[www.or.is](http://www.or.is)



**Parki**  
INTERIORS

**INNIHURÐIR  
TILBOÐ**  
www.parki.is  
DALVEGI 10 - 14 / S:5643500

## Hvað verður um fiskinn okkar ef við göngum í ESB?

Hvað getum við lært af reynslusögum Skota um sjávarútvegsstefnu ESB?

Umræðufundur á Háskólatorgi Háskóla Íslands um ESB-aðild og reynslu Skota af fiskveiðistjórnun Evrópusambandsins og líklega þróun sjávarútvegs mála innan þess.

### Framsögumenn

Dr. James Wilkie, sérfræðingur  
Leslie Girvan, varaformaður FAL og NIFPO  
Peter Adams, framkvæmdastjóri UKIP

Eftir framsöguerindi svara þeir spurningum úr sal.

### Staður & tími

Háskóli Íslands við Suðurgötu. Háskólatorg (Salur HT101).  
Þriðjudagur 16. júní kl. 12.00-13:30

Hver er reynsla Skota af sjávarútvegsstefnu ESB?

Hvernig er líklegt að hún muni þróast á næstu árum?

Eru líkur á því að Íslendingar geti haldið fullum yfirráðum yfir sínum miðum ef Ísland gengi í ESB?

Nánari upplýsingar á  
www.heimssyn.is



Hreyfing  
sjálfstæðisinnna  
í Evrópumálum



**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI** Rúmlega 260 umsóknir bárust um vist í Menntaskólanum á Akureyri sem er með mesta móti. Rúmlega 4.400 umsóknir bárust í skólana.

MYND/KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON

# Menntaskólar þurfa að vísa mörgum frá

Metaðsókn var í framhaldsskóla landsins. Í Verzló fá 212 ekki skólavist. Í MH um 170. Metaðsókn var í MR en skólinn hafnar 93 nemendum. MA hafnar 23 nemendum. Menntamálaráðherra á ekki von á öðru en að allir fái inngöngu.

**MENNTAMÁL** Umsóknir fyrir skólavist í Menntaskólann í Reykjavík fyrir næsta skólaár voru 335. Aðeins voru 242 umsóknir samþykktar. Þetta er metaðsókn, segir Yngvi Pétursson, rektor MR, samborið við 205 sem sóttu um á síðasta ári.

Svipað er upp á teningnum hjá Verzlunarskóla Íslands. Þar sóttu 520 nemendur um skólavist og aðeins verða 308 nemendur teknir inn í skólann. Ekki er um metaðsókn að ræða en um 600 manns sóttu um skólavist í fyrra.

Um 470 sóttu um í Menntaskólann við Hamrahlíð sem fyrsta val. Innritaðir verða ríflega 300 nemendur, að sögn G. Pálma Magnússonar, konrektors MH. Hann segir ekki um met að ræða. Sveiflur hafi

verið í aðsókn í gegnum árin, en þó vaxandi þegar á lengdina er litið.

Til Menntaskólans á Akureyri bárust 263 umsóknir í heildina, 233 sóttu um í fyrsta bekk en 30 sóttu um á önnur ár. Inn á fyrsta ár verða 210 teknir inn en ekki er enn ljóst hversu margir fá inni á önnur ár. „Þetta er með því mesta sem verið hefur,“ segir Jón Már Héðinsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri, um umsóknarfjöldann í ár.

Samtals bárust 4.437 umsóknir í framhaldsskóla landsins frá nemendum úr 10. bekk, sem er tæplega 96 prósent hlutfall þeirra sem kláruðu grunnskólann í ár. Þetta er hæsta hlutfall umsókna frá upphafi. Til samanburðar sóttu um 4.400 nemendur 10. bekkjar um skóla-



**KATRÍN  
JAKOBSDÓTTIR**

vist fyrir haustið 2008. Það var þá um 95 prósent hlutfall af þeim sem útskrifuðust það ár. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir framhaldsskólana eiga að geta tekið við þessum nemendafjölda. Hún á ekki von á öðru en að allir fái inngöngu, þó ekki fái allir inngöngu í þá skóla sem þeir sóttu um. Þeim sem ekki komist inn í þá skóla sem þeir sóttu um gæti verið boðin skólavist í öðrum skólum. Verið er að skoða málið í ráðuneytinu, að sögn Katrínar.

vidirp@frettabladid.is

# Hjól í sumarsól



### Explorer 1.0

Álstell 6061 TIG, SRAM 3.0 sjö gíra og Tektro V-bremsur. Hjólið hentar vel innanbæjar og á malarvegum. Upprét setstaða ásamt dempara í sætisþósti auka enn á þægindin.

Verð: **49.990 kr.**

Hjóladeildin er í Holtagörðum!



### Trail X 1.0

Enduro II 7005 álstell, Shimano Acera 21 gíra, V-bremsur og 60 mm dempari. Vandað alhliða fjallahjól í skemmri eða lengri ferðir.

Verð: **49.990 kr.**



### Jamis Lady Bug

12", 2-5 ára. Bleikt.

Verð: **19.990 kr.**



### Jamis Laser 2.0

20", 5-9 ára álstell, fótbremsa. Hvítt/svart og grænt/svart.

Verð: **25.990 kr.**



### Jamis X24

20", 7-12 ára, álstell, 7 gíra. Svart/hvítt og blátt/hvítt.

Verð: **39.990 kr.**

**KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]**

Fjöldi viðskipta: 6  
**OMX ÍSLAND 15**  
264 +-0,50%

Velta: 322 milljónir  
**OMX ÍSLAND 6**  
732 -0,35%

**MESTA HÆKKUN**  
↑

**MESTA LÆKKUN**  
↓ MAREL FOOD S 0,19%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 164,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 500,00 +0,00% ... Bakkavör 1,02 +0,00% ... Eik Banki 89,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 0,70 +0,00% ... Føroya Banki 123,00 +0,00% ... Icelandair Group 4,60 +0,00% ... Marel Food Systems 52,90 -0,19% ... Össur 111,00 +0,00%

**viðskipti**

Umsjón: MARKADURINN nánar á visir.is



ILLUM Í KAUPMANNAHÖFN Verslanirnar Illum og Magasin du Nord eru ekki með í þeim hópi danskra dótturfélaga Landic Property sem fara í gjaldþrotameðferð.

**Þrjú félag Landic Property í gjaldþrot**

„Íslenska félagið Landic Property hefur sent þrjú dönsk dótturfélög sín í gjaldþrotameðferð.“ Svona greinir danska viðskiptablaðið Børsen frá beiðni stjórnar þriggja danskra dótturfélaga Landic Property, Keops Development A/S, Landic Property A/S og Landic Investment A/S, um gjaldþrotaskipti sem lögð var fram hjá dómstólum í Kaupmannahöfn í gær.

Í tilkynningu Landic Property til Kauphallarinnar í gær kemur fram að starfsemi félaga sem eiga og reka fasteignasöfn á Íslandi, Svíþjóð og í Danmörku sé óbreytt og að leigutakar félagsins verða ekki fyrir áhrifum. „Fjárhagsleg endurskipulagning starfsemi Landic Property á Íslandi heldur áfram samkvæmt áætlun,“ segir í tilkynningunni. Þar er haft eftir Viðari Þorkelssyni, forstjóra Landic Property, að vissulega sé það vonbrigði að ekki hafi tekist að bjarga þessum dönsku dótturfélögum frá gjaldþroti. Söluferli annarra erlendra eigna haldi hins vegar áfram, sem og fjárhagsleg endurskipulagning móðurfélags-

ins í samstarfi við lánardrottna. Haft er eftir Viðari að Landic Property muni eftirleidis einbeita sér að rekstri fasteigna á Íslandi.

Í tilkynningu Landic Property er áréttað að síðastliðna tvo mánuði hafi verið unnið að frágangi á sölu fjölda erlendra dótturfélaga félagsins. Til dæmis sé frágengin sala fasteignasafns Landic Property í Finnlandi og áfram verði unnið að sölu á erlendu fasteignasafni Landic Property, að undanskildum félögum sem farið hafi í gjaldþrotuferli, þar sem endurskipulagning og sala þeirra hafi ekki gengið eftir.

„Fasteignarekstur Landic Property á Íslandi gengur hins vegar samkvæmt áætlun og fjárhagsleg endurskipulagning móðurfélagsins, Landic Property hf., sem unnin er í nánú samráði við helstu lánardrottna, miðar vel áfram. Eins og áður hefur komið fram er eigið fé Landic Property hf. neikvætt og miða áætlanir um endurskipulagningu félagsins að því að kröfuhafar eignist allt hlutfé í félaginu,“ segir í tilkynningunni. - óká

**Hlutabréfaverð í Noregi hækkar**

Úrvalsvísitala Óslóarkauphallarinnar í Noregi hefur hækkað um 37 prósent frá áramótum. Og það þrátt fyrir að hægt hafi á hjólum atvinnulífsins þar, líkt og annars staðar í heiminum.

Í samantekt IFS Greiningar kemur fram að hækkingin skýrist að miklu leyti af því að mörg félög í Kauphöllinni í Ósló tengist olíuviðnaði, en frá áramótum hefur olíuverð hækkað um tæp 78 prósent. Á sögn Valdimars Halldórs-sonar hjá IFS hafa greinendur þó meiri áhyggjur af öðrum útflutningsviðnaði en olíutengdum. „Verðkennitölur hafa hækkað síðasta mánuðinn samhliða hækkingu á



**STATOIL-FÁNINN** Hlutabréf norska olíufélagsins Statoil hafa hækkað um 23 prósent frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP  
hlutabréfaverði en samt sem áður teljast verðkennitölur vera lágar í sögulegu samhengi.“ - óká

1109 EC-0326C  
**Kælibox 12/230v 26L á hjólum**  
**19.362 kr.**

**Gott verð!**

1109 EC-986C-12V  
**Kælibox 12v 24L**  
**9.350 kr.**

**Gott verð!**

# Frábærir ferðafélagar!

Ómissandi vörur fyrir alla þá sem verða á faraldsfæti út um allt land í sumar.

1109 EC-0318(S)  
**Kælibox 12/230v 18L á Hjólum**  
**17.360 kr.**

**Gott verð!**

909 59853  
**Tjaldljós led**  
Verð áður 2.790 kr.  
**1.990 kr.**

**28% afsláttur**

909 15009  
**Dúkur/stoppari**  
Verð áður 690 kr.  
**Verð nú 549 kr.**

**20% afsláttur**

909 36763  
**Glasahaldari**  
Verð áður 3.790 kr.  
**Verð nú 2.998 kr.**

**20% afsláttur**

258 DKA031  
**Sía**  
Verð áður 5.660 kr.  
**Verð nú 4.898 kr.**

**13% afsláttur**

909 16620  
**Tjaldhamar**  
Verð áður 1.690 kr.  
**Verð nú 1.290 kr.**

**24% afsláttur**

909 77560  
**Vatnsbrúsi m/krana**  
Verð áður 1.990 kr.  
**Verð nú 1.590 kr.**

**20% afsláttur**

838 52002008  
**Gasskynjari 230v**  
Verð áður 24.500 kr.  
**Verð nú 18.400 kr.**

**25% afsláttur**

909 35668  
**Uppþvottagrind**  
Verð áður 2.490 kr.  
**Verð nú 1.990 kr.**

**20% afsláttur**

838 67889000  
**Fjölengi 12v 2x**  
Verð áður 2.490 kr.  
**Verð nú 1.990 kr.**

**20% afsláttur**

838 52002005  
**Gasskynjari 12v/24v**  
Verð áður 19.900 kr.  
**Verð nú 12.900 kr.**

**35% afsláttur**

838 67828100  
**Framlengingarsnúra 12v**  
Verð áður 2.900 kr.  
**Verð nú 2.298 kr.**

**20% afsláttur**

831 KP5-653N  
**Hátalarar**  
**4.490 kr.**

**Gott verð!**

831 Vir-8004  
**Útvarp**  
**39.900 kr.**

**Gott verð!**

831 XP-502K  
**Hátalarar**  
**4.990 kr.**

**Gott verð!**

**Kawasaki KX 450F Supermoto**  
2007 nýtt. 1 stk. til Fullt verð 1210.000 kr.  
**Tilboðsverð 1.099.000 kr.**

**20% afsláttur af Oneal Crosskóm „Clutch“ og „Element“**

**20% afsláttur á Spidi vörum**

**20% afsláttur á XTU Goretex göllum**

Tilboðin gilda út júní eða á meðan birgðir endast.

**N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9** WWW.N1.IS  
N1 verslanir: Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn. Sími 440 1000

**Meira í leiðinni**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



1078

**K.S FROSID LAMBALÆRI**  
1078 kr./kg.



**LAMBAFILLET**



FERSKT EÐA FROSID

2698

K.S LAMBAFILLET FERSKT EÐA FROSID  
2698 kr./kg.



1298

N.F TERYAKI FORKRYDDAÐIR BLEIKJUBITAR  
1298 kr./kg.

HAMBORGARI Í BRAUÐI

150 KR.



HAMBORGARABRAUÐ 30 KR. HAMBORGARI 119 kr.



K.F LÚXUS HAMBORGARAR 10 STK  
120g 1199 kr.  
BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ  
4 STK 120 kr.



1359

K.S LAMBAHRYGGUR  
Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.



1359

K.S LAMBLÆRI FROSID Í SNEIÐUM  
1359 kr./kg.



30%

AFSLÁTTUR  
SOÐIN SVIÐ FRÁ GOÐA  
MERKT VERÐ 790 KR. 30% AFSLÁTTUR 553 kr.



149

BÓNUS HRÁSALAT 350g  
149 kr.

20% afsláttur í Debenhams  
fyrir viðskiptavinum Bónus

Viðskiptavinir Bónus fá 20% afslátt  
í Debenhams (15% af snyrtivöru) dagana  
16. til 21. júní. Þeir þurfa aðeins að kaupa  
fyrir kr. 5000 í einhverri Bónusverslun og  
framvísa kassakvittun úr Bónus þegar  
greitt er í Debenhams.  
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

DEBENHAMS

Opið í þessum Bónus verslunum  
á morgun 17. júní 10.00-18.00

Akureyri/Langholt - Akranes - Borgarnes  
Egilsstaðir - Reykjanesbær - Selfoss  
Hafnarfjörður: Helluhraun -  
Reykjavík: Faxafen - Spöng Grafarvogi  
Hallveigarstígur - Holtagarðar - Hólagarður  
Fiskislóð á Granda - Smáratorg



69

EGILS APPELSÍN 500 ml  
69 kr.



98

EGILS MALT 500 ml 98 kr.



COKE &  
COKE LIGHT  
1.LTR. 98 kr.

98

98 kr. 1.ltr.



VISA

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: ÞRIÐJUDAGUR 12.00 - 18.30

**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



**2398**

K.F. KOFAREYKT HANGILÆRI ÚRBEINAD  
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR  
**2398 kr./kg.**



**50% AFSLÁTTUR**

ALI FERSKUR HEILL KYDDAÐUR KJÚLINGUR  
MERKT VERÐ 1098 KR./KG. 50% AFSLÁTTUR **549 kr./kg.**  
**2000 stk. í boði**



**1498**

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR  
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **1498 kr./kg.**



**798**

FJÓLU WC PAPPÍR 9 RÚLLUR **798 kr.**  
HÁGÆÐA PAPPÍR UNNINN Á ÍSLANDI.



**198**

BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR  
270ml **198 kr.**



**298**

BÓNUS FORSOÐNAR ÍSLENSKAR  
KARTÖFLUR 900g **298 kr.**



**198**

**NY BAKAÐ**

BÓNUS NYBAKAÐAR LANGLOKUR  
4 STK AÐEINS **198 kr.**



**299**

BARNASOKKAR  
VINSÆLUSTU BARNASOKKARNIR  
**299 kr parið.**



**598**

FROSNIR STEINBÍTSBITAR  
RÖÐ OG BEINLAUSIR  
**598 kr./kg.**

**BÓNUSPYLSA Í BRAUÐI**  
**50 KR**



BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK **98 kr.**  
BÓNUS PYLSUR 10 STK **629 kr./kg.**  
PYLSAN Á CA **30 KR.** PYLSA Í BRAUÐI **50 kr.**



**598**

BÓNUS FROSTPINNAR 24 STK **598 kr.**  
AÐEINS 25 KR STYKKIÐ



**498**

GÓU ÞRENNNA **498 kr.**



**259**

BÓNUS FETAOSTUR 250g  
aðeins **259 kr.**



**259**

BÓNUS ÍS 2 LTR. **259 kr**  
SÚKKULÁÐI OG VANILLU.

SÆLGÆTISBARINN  
50% AFSLÁTTUR ALLA DAGA  
**85 kr. pr.100g poki**



**198**

STÓR 17.JÚNÍ-SNUÐ  
**198 kr.**

**BONUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: ÞRIÐJUDAGUR 12.00 - 18.30



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Rannsókn á aðdraganda bankahrunsins verður að vera hafin yfir vafa.

## Trúverðugleiki stjórnvalda í húfi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

**T**rúverðugleiki er lykilorðið í hinna margslungnu rannsókn á öllu því sem fór úrskeiðis í aðdraganda hruns íslensku bankanna.

Eva Joly, sem vegna mikillar reynslu sinnar og árangurs við rannsóknir á efnahagsbrotum, var fengin til ráðgjafar vegna rannsóknarinnar hefur bent á þetta og setti í síðustu viku íslenskum stjórnvöldum skilyrði fyrir áframhaldi þátttöku í verkefnum.

Skilyrði Evu eru tvö og þau snúast í raun bæði um trúverðugleika. Hið fyrri snýr að hæfi ríkissaksóknara og hið síðara að því fjármagni, og þar með þeim mannafla, sem ætlað er að leysa rannsóknina af hendi.

Hvort sem ríkissaksóknari er vanhæfur í lagalegum skilningi eða ekki þá veltur trúverðugleiki rannsóknarinnar á því að enginn vafi geti leikið á að persónulegir hagsmunir tengdir fjölskyldu ríkissaksóknara, æðsta saksóknaravalds í landinu, stangist á við rannsóknina sem fram fer. Á þennan hnút getur þó líklega enginn höggvið nema saksóknari sjálfur.

Hitt atriðið sem Eva Joly dregur fram snýst einnig um trúverðugleika þegar upp er staðið. Rannsóknin sem nú er hafin, en er að mestu fram undan, er geysilega flókin. Hún krefst mikillar vinnu og margbrotinnar þekkingar, meðal annars á lögum og bókhaldi. Ef þessi rannsókn á að skila raunverulegum árangri þá verður að leggja henni til nægan mannafla til þess að raunhæft sé að hægt verði að greiða úr flækjunum. Þetta snýst auðvitað um fjármagn en Eva Joly hefur bent á að útlagður kostnaður í þennan lið nú muni að líkindum skila sér í því að meira fé komi til baka þegar upp er staðið.

Ef stjórnvöld eru ekki tilbúin til að leggja rannsókninni til þáð fé sem hún þarf þá grefur það undan trúverðugleika þeirra um það hvort raunverulegur vilji sé fyrir hendi til þess að komast til botns í málum.

Samkomulag vegna Icesave-skuldanna var óumflýjanlegt. Það er hins vegar enn sem komið er að mestu óútfyllt ávísun á reikning íslensks almennings. Enginn veit á þessari stundu hversu mikið fé fæst fyrir eignir Landsbankans upp í skuldirnar. Því mikilvægara er að þessi sami almenningur geti treyst því að sú rannsókn sem fram fer á orsökum og aðdraganda hrunsins, á bönkum, stofnum og einstaklingum, sé hafin yfir allan vafa um hagsmunaárekstra. Sömualeiðis að skilaboðin séu skýr um að rannsókninni verði lagður til sá mannafla sem nauðsyn krefur til að árangur náist.

Þjóðin, sem með auknum álögum og skertri þjónustu er ætlað að greiða það sem upp á vantar milli eigna Landsbankans og þeirra skuldbindinga sem skrifað hefur verið upp á, hlýtur að gera þá kröfu að hún geti treyst því að fullur vilji sé til þess að velta við hverjum steini í þeirri viðleitni að þeir axli ábyrgð sem hana eiga og að þeir greiði skuldir sem til þeirra hafa stofnað.

### FRÉTTABLAÐIÐ


ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingi Björg S. Pálmasdóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jr. @frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Kauptu 2 pakka

af Merrild 103 eða Senseokaffi  
– þú gætir unnið glæsilega  
Philips Senseo kaffivél



100  
Senseovélar  
í vinning



FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjóri@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is  
MENNING: Páll Baldvín Baldvínsson fulltrúi ritstjóra pbb@frettabladid.is VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Armansson olikr@markadurinn.is HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is  
og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍPRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ársgömul framtíðarsýn

Hefð er fyrir því að forsætisráðherra flytji ávarp 17. júní. Fyrir ári var þegar farið að syrtu í álinni í íslensku efnahagslífi og notaði Geir H. Haarde því tækifærið til að stappa stálið í samlanda sína. Geir sagði meðal annars: „Við þessar aðstæður kemur sér vel að hafa búíð í hagin á undanföllum árum. Nú skiptir miklu að ríkissjóður er nánast skuldlaus og lífeyrissjóðakerfið firmasterkt, með miklar eignir á bak við sig innan lands og utan.“



#### Þá naut þjóðin trausts

Þá benti Geir á að með tilliti til stöðu á alþjóðlegum fjármála-

mörkuðum væri fátt verðmætara en traust og trúverðugleiki. „Íslenska þjóðin nýtur trausts og það er mikilvægt að fyrirtækin okkar geri það einnig, ekki síst fjármálaþyrntækin. Bankastarfsemi grundvallast á gagnkvæmu trausti.“ Loks nefndi Geir að Íslendingar hefðu áður séð það svart en með samstilltu átaki ráðið við vandann, til dæmis í kreppunni 1969. „Erfiðleikarnir þá voru mun meiri en nú.“

#### Staðan nú

Hvernig blasir staðan við okkur núna, ári síðar? Ríkissjóði verður best lýst sem hlyðjúpu skuldafeni og eignir

lífeyrissjóða hafa rýrnað gífurlega. Íslendingar eru rúnir trausti á alþjóðlegum fjármálamarkaði, sem endurspeglast í háum vöxtum á erlendum lánum, sem margir telja að muni ríða þjóðarbúinu á slig. Erfiðleikarnir nú eru orðnir talsvert meiri en 1969, sagt er að hagkerfið hafi ekki orðið fyrir jafnmiklum skelli og í kreppunni miklu. Jóhanna Sigurðardóttir verður vonandi sannspárrí á ávarpi sínu á þjóðhátíðardaginn í ár en forveri hennar í fyrra.

bergsteinn@frettabladid.is



## Skuldir

**S**kuldir heimilanna hafa verið eitt af meginviðfangsefnum stjórnmalanna undanfarinn vetur en ekki verður sagt að þær hafi áður talist til stórverkefna íslenskra stjórnmalamanna. Það er að mörgu leyti athyglisverð staðreynd því að mikil skuldaföfnun íslenskra heimila er alls ekki nýttkomin. Undanfarna þrjú áratugi hafa skuldir heimilanna við lánakerfið stöðugt verið að aukast. Þær voru 20% af ráðstöfunartekjum árið 1980, 80% árið 1990, 140% árið 1998 og rúmlega 200% árið 2005. Á þessum tíma voru það þó einungis fáeinir stjórnmalamenn (einkum Steingrímur J. Sigfússon) og fáeinir fræðimenn (einkum Stefán Ólafsson) sem lýstu verulegum áhyggjum af þróuninni. Mikill meirihluti stjórnmalamanna og gervallt hagfræðingastóð landsins áleit þessa þróun hins vegar ekkert sérstakt vandamál. Lengi vel hélst skuldaföfnunin líka í hendir við vaxandi meðaltekjur og virðast flestir stjórnmalamenn hafa séð fyrir sér að sú þróun gæti einungis stefnt í eina átt.

Það gefur hins vegar auga leið að skuldbætt heimili eru ekkert sérstaklega vel í stakk búnin að mæta áföllum eins og þeim sem ríðu yfir þjóðarbúið á síðastliðnu ári. Enda voru það ekki einungis heimilin sem voru skuldbætt og skuldabaggi heimilanna raunar einungis brot af heildarskuldum þjóðarinnar. Fyrirtækin höfðu safnað skuldum og nýtt sér þá staðreynd að skattar á þau voru lækkaðir uns þeir voru orðnir lægri en í Bandaríkjunum. Bankarnir – sem áttu að vera bakland þeirra – höfðu einnig sótt af ákefð í erlent lánsfjármagn. Þessi skuldaföfnun bankanna óx hröðum skrefum eftir að þeir voru einkavæddir og „fjár-



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Efnahagsmál

magníð leyst úr læðingi“ eins og íslenskir frjálslygjumenn orðuðu það. Gjaldprot bankanna í haust leiddi raunar til þess að erlendir lánardrottinn máttu sjá á bak miklu af því sem þeir höfðu lánað íslensku bönkunum.

Eina undantekningin er Icesave-innlánsreikningar Landsbankans sem íslensk stjórnvöld samþykktu að ábyrgjast síðastliðu haust. Í kjölfarið fengu stjórnvöld aðgang að erlendum lánalínum sem voru þá óðum að lokast. Samkomulagið sem ný ríkisstjórn gerði nú á dögunum er staðfesting á þeim gerningi, auk þess sem samið var um frest á greiðslum til margra ára. Það var skynsamlegt að semja um langan greiðslufrest því að skattgreiðendur eiga kröfu á að bedjið verði með að selja eignir Landsbankans þangað til verðið sem fæst fyrir þær er orðið hagstæðara. Á hinn bóginn þurfa landsmenn að standa undir vaxta- og vaxtakjöri virðast ekki vera hagstæð. Engan þarf þó að undra það eftir útrásarævintýrið. Framganga íslenskra banka og útrásarvirkja erlendis var með þeim hætti að lánstraust Íslendinga erlendis er fullkomlega uppið. Og þeir sem ekki eru traustir þurfa að greiða háa vexti fyrir lánsfjármagn.

Það er fullkomlega óljóst hvort

íslensku þjóðinni beri lagalega séð að ábyrgjast Icesave-reikningana. Íslensk stjórnvöld þorðu ekki að láta á það reyna í haust og aðstæður síðan þá hafa á engan hátt breyst Íslendingum í hag. Í raun snýst þetta ekki um alþjóðalög heldur hið alþjóðlega valdakerfi. Þeir sem vilja taka þátt í alþjóðahagkerfinu verða að beygja sig undir reglur þess og þær hafa verið samdar af hinum sterku. Einungis öflugustu þjóðir heimsins geta staðið af sér efnahagsleg áföll án þess að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hefur beinlínis það markmið að tyfta þjóðir til að borga skuldir sínar. Allt samstarf Íslendinga við AGS byggist á þeirri forsögu. Er þetta valdakerfi réttlátt? Það hefur mörgum ekki fundist. Það hefur iðulega komið til umræðu hvort ekki eigi að leysa fátækar þjóðir úr skuldafjötrum sem þær hafa verið hnepptar í, oftar en ekki vegna ákvarðana ólýðræðislegra einræðisstjórna sem nutu samt sem áður mikils lánstrausts á Vesturlöndum. Þannig fór t.d. fyrir Argentínunum sem gripu loksins til þess ráðs að storka Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og neita að borga þessar skuldir. Það var þó hvorki einföld né sársaukalaus ákvörðun.

Málstaður Íslendinga núna er að ýmsu leyti sá sami og margar þjóðir þriðja heimsins hafa lengi haldið á lofti á alþjóðavettvangi – án þess að fá mikinn stuðning íslenskra stjórnvalda. Á hinn bóginn er einnig nokkur munur. Skuldaföfnun bankanna átti sér stað með velvild og stuðningi stjórnvalda – sem samtímis nutu mikils trausts íslenskra kjósenda. Stór hluti þjóðarinnar fagnaði útrásarvirkningum sem hetjum. Við vorum kannski blekkt en við vildum líka láta blekkjast.

## Viltu skrifa upp á fyrir mig?

#### UMRÆÐAN

Eygló Harðardóttir skrifar um afborganir á Icesave

Ég hef verið beðin um að skrifa upp á Erúmlega 730 milljarða kúlulán. Það er að segja, lánið stendur í 730 milljörðum núna, en þetta er myntkörfulán og þeir sem sitja uppi með slík lán vita að þau hafa ekki gert annað en hækka síðustu misseri. Mér er sagt að kúlulánið sé til að borga skuldir sem ég hafi stofnað til í útlöndum. Ég kannast ekki við að hafa gert það. Mér er líka sagt að til séu lögfræðiálit um að ég beri ábyrgð á þessari upphæð en ég hef ekki fengið að sjá það. Ég hef reyndar ekki einu sinni fengið að sjá samninginn sem liggur að baki kúluláninu.

Ítrekað hefur verið beðið um frekari upplýsingar um Icesave-naudasamningana. Svo virðist sem ríkisstjórnin ætli til þess að þingmenn greiði atkvæði um stærstu skuldaþjáfn þjóðarinnar frá upphafi með bundið fyrir augun.

Enn er allt of mörgum spurningum ósvarað til að hægt sé að samþykkja þetta lán að óbreyttu. Jafnvel þótt björtustu vonir ríkisstjórnarinnar



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

um verðmæti eigna Landsbankans gangi eftir, er um að ræða skuldbindingu ríkissjóðs upp á hundruð milljarða króna. Heyrst hefur að meðal þessara eigna séu m.a. tuga, ef ekki hundruða milljarða króna fjárfestingarlán til Baugs, sem styrkti Samfylkinguna um tugi milljóna króna fyrir kosningarnar 2007.

Helstu rök ríkisstjórnarinnar í málinu eru að með þessu séum við að koma okkur í skjól næstu 7 árin og kaupa okkur frið við uppbyggingu bankakerfisins. Fall

krónunnar síðustu daga, versnandi lánshæfismat ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja á borð við Landsvirkjun og undirbúningur málsókna á hendur ríkinu vegna neyðarlaganna gera þau rök að engu.

Þær litlu upplýsingar sem ég hef þó fengið hafa ekkert gert til að sannfæra mig um að samþykka þetta lán. Það hlýtur að vera hlutverk ríkisstjórnarinnar að leggja fram öll gögn í málinu og færa betri rök fyrir því.

Eða myndir þú, ágæti lesandi, taka ábyrgð á 730 milljarða króna kúluláni á þessum forsendum?

Höfundur er alþingismaður.



**PÚTTVÖLLUR** verður starfræktur við Vesturbæj-  
arlaug á afgreiðslutíma laugarinnar í sumar. Kylfur og  
kúlur fást að láni í afgreiðslu laugarinnar öllum að  
kostnaðarlausu. Nánar á [www.rvk.is](http://www.rvk.is).

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 Hugi Garðarsson [hugi@365.is](mailto:hugi@365.is) 512 5447

**FLOTT Í SUMAR...**  
með Slendertone  
dömu/herra belti

Flex Max kr. 24.900,-  
Flex kr. 19.950,-  
allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717  
[www.hreysti.is](http://www.hreysti.is)  
System kr. 29.900,-  
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



Vertu  
**liðtækur**

**Glucomed 625 mg**  
glúkósamín  
Tú að draga úr einknum vegar  
tú meðalvæðisinnar stöðugar í heilum

**Glucomed inniheldur glúkósamín**  
Ekki má nota Glucomed:  
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnum eða skelfiski  
- ef þú ert undir 18 ára  
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti  
Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi  
í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.  
Tvær töflur á dag til að draga úr einknum.  
Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá

**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“



Peir eru eflaust fáir  
sem hafa látið sér  
detta það í hug að  
slá golfkúlur af hæsta  
tindi landsins.

MMND/ÖR EINKASAFNI

## Tók sveiflu á hnúknum

Jóhannes Finnur Halldórsson tók upp á því á dögnum að slá golfkúlur af Hvannadalshnúk, hæsta tindi landsins. Skyggnið var afleitt en Jóhannes lét það ekki á sig fá og dúndraði út í buskann.

Sífelld fleiri afreka það að ganga á Hvannadalshnúk en þeir eru eflaust fáir sem hafa látið sér detta það í hug að slá golfkúlur af hæsta tindi landsins. Þá flugu fékk Jóhannes Finnur Halldórsson, sérfræðingur á sveitarstjórnarskrifstofu samgönguráðuneytisins, hins vegar í hausinn og hafði kúlur og kylfu meðferðis þegar hann gekk á tindinn á hvítasunnudag.

„Það er reyndar skömm frá því að segja að ég kom ekki nálægt því að bera búnaðinn þar sem pokinn minn var of grunnur og kom það að mestu í hlut vinar míns og bridsfélaga Magnúsar Bjarnasonar. Hann uppskar stór augu frá fólki sem mætti honum á leiðinni

en þar það fyrir sig að þetta væri nauðsynlegur búnaður í ferðinni,“ lýsir Jóhannes.

Skyggnið á toppnum var afleitt en Jóhannes lét það ekki á sig fá. „Ég byrjaði á að skjóta einni kúlu skamma vegalengd en náldi í hana aftur enda ætla ég að varðveita hana og kylfuna sérstaklega. Síðan sló ég tveimur kúlum út í buskann og frétti af einni á tjaldstæðinu á Höfn í Hornafirði,“ segir hann og skellir upp úr enda nokkuð fjarri sanni.

Jóhannes hefur hingað til ekki litið á sig sem mikinn fjallgöngugarp en er eins og geta má nærri nokkuð liðtækur í golfi. „Það var hún María Sæmundsdóttir í félags- og tryggingamála-

ráðuneytinu sem hóaði saman hópi af fólki í þessa ferð og hefur hún verið í undirbúningi frá því í vetur,“ upplýsir Jóhannes sem hefur aðallega undirbúið sig með því að ganga nokkrum sinnum að heiman frá sér á Akranesi og upp á Akrafjall. Sá undirbúningur dugði vel enda gekk ferðin eins og í sögu.

Jóhannes veit ekki hvort hann á afturkvæmt á hnúkinn en mun halda ótraudur áfram í golfinu enda búinn að ná hæstu hæðum á því sviði. „Ég skora hins vegar á briddsspilara að taka spil á toppnum enda nú komið fordæmi fyrir óhefðbundnum uppátækjum á hæsta tindi landsins.“

[vera@frettabladid.is](mailto:vera@frettabladid.is)

**1**

**-15%**

**SMURVINNA**

afsláttur af vinnu við smur!

**BÍLKÓ**

**2**

**Tilboð**

**BÓN OG ÞVOTTUR**

Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!

**3**

**-15%**

**DEKK**

afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!

ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

Þjónustumiðstöð bílsins | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | [www.bilko.is](http://www.bilko.is) | Sími 557-9110







## Námskeið

Siglinganámskeið fyrir börn og full-orðna. Skráning stendur yfir. Nánari uppl. s. 895 1551. [www.brokey.is](http://www.brokey.is).

## Húsgögn

Stórt sófaborð í antik stíl (Fæst í húsgagnahöllinni, Vintage). Verð 65þús. S: 897 9810

## Dýrahald

**REGAL Super premium**  
hundamaturl fyrir allar stærðir hunda.

**1,8 kg. 1.780-**  
**7,5 kg. 4.780-**  
**15 kg. 7.980.-**

Dýrabær Smáralind og Hliðasmára 9, Kóp. [www.dyrabaer.is](http://www.dyrabaer.is)

## Fyrir veiðimenn

**Velðivörur.is**

**NO limits**

Flugulínur verð frá 11.700 kr.

## Húsnæði í boði

3ja herbergja íbúð í Bústaðahverfi. Sérningangur. Leiga 100þús. Laus 1.júlí S:845 3000.

**Leigjendur, takið eftir!**  
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi með sér baðherbergi til leigu í Hafnarfirði. Eldhús, þvottav. þurrkari og fritt internet. S 893 6060

## Skemmtanir

Hamraborg 11  
200 Kópavogur  S: 554-2166

**Í kvöld spilar Hermann Ingi Catalina**

Allir velkomnir  
Snyrtilegar klæðnaðir áskilin  
Fritt inn.

Hádegismatur alla virka daga  
Sérréttaseðill – Smáréttaseðill  
Allar veitingar á vægu verði.

**Boltinn í beinni!** Hamborgaratilboð!  
Útleigusalur  
Boltatilboð

## Tilkynningar



**Bíl stolið!**

Peugeot 307 árgerð 2004 var stolið frá bílasölu Bernhard notaða bíla við Eirhöfða 11 um miðjan mars síðastliðinn. Skráningarnúmer bílsins er SD 119. Þeir sem mögulega geta veitt upplýsingar um málið eða hafa orðið bílsins varir eru vinsamlegast beðnir um að hafa sambandi við Svein Fjalar á netfangið [sveinna@vis.is](mailto:sveinna@vis.is) eða í síma 560-5322. **FUNDARLAUN Í BODI.**



## Kaupmannasamtök Íslands

Aðalfundur Ávöxtunarsjóðs kaupmanna verður haldinn miðviku-daginn 24. Júní n.k., kl. 16:00 í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands á 13. hæð í Húsi verslunarinnar

## Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstjórn.
2. Tillaga um slit sjóðsins.
3. Önnur mál.

## Stjórnin.

Kaupmannasamtök Íslands  
Sími: 568-7811 • Netf.: [elin@kaupmann.is](mailto:elin@kaupmann.is)

[www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)  
**Gistiheimili / Langtímaleiga**  
**/ Guesthouse long term rent.**

Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.  
Uppl/info í s. 824 4535.  
[www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)

73fm falleg 3 herb. miðhæð (101)Lindarg 54. Iskápur+upppv. Leiga 115þús, laus16. Júlí. s.695 4535.

ROOMS F/ RENT W/FURNITURE in 108 RVK near Kríngla and in 109 BREIÐHOLT 897 3611.

2 herb íbúð í árbæ til leigu, laus strax verð 90 þ. allt innifalið. Upplís í s: 867-3891

Stúdíóíbúðir. Skyndileiga, skammtímaleiga, langtímaleiga. Uppl. í s. 772 5555

## Miðbær, miðbær

Til leigu stórt og rúmgott herb. á frábærum stað í bænum. Sam. eldhús og WC, afnot af þvottav. Aðeins reglus. einst. kemur til greina. S. 863 3328 & 846 0408.

## Leiguliðar ehf Fossaleyni 16

Eigum lausar 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Leiguverð á 2ja frá kr 58.000, 3ja frá kr 89.000. Gæludýr leyfð. Reykjavík, Þorlákshöfn, Hafnarfirður. Sjá [www.leigulidar.is](http://www.leigulidar.is) eða 517 3440.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Stórt og bjart. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 695 1918.

Rúml. 20fm stúdíóíbúð til leigu. Lauganesvegur 38. Leigu. 45þ. á mán. rafm. og hiti innif. S. 691 2108.

Herbergi m/ húsgögnum, sjónv., aðgangi að eldh. og þvottav. Leiga 35 þús. Uppl. í s. 892 4593

## Stúdíóíbúð

Nýuppgerð 20 fm. stúdíóíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 54þ. S. 824 6692.

## Húsnæði óskast

Hjón um sextugt óska eftir 2ja - 3ja herbergja íbúð á Stór-Reykjavíkursvæðinu frá og með 1. ágúst. Langtímaleiga. Er með örugga vinnu. Greiðslugeta á mánuði er 100 þúsund, skilvísun greiðslum heitið. Vinsamlega hafið samband í síma 849-0934.

Rólegt & reglusamt par með hund óskar e/ 2 herb. íbúð í RVK. Verður að vera samþykkt. Gr.g. 70-80þ. S. 867 4343.

Par óskar eftir stúdíóíbúð eða herb. Langtímaleiga. Uppl. í s. 860 3948

## Húsnæði til sölu



Hús til sölu í Hrísý. Verð 9.9 milj. 500 þús og yfirtaka á láni. Uppl. í s. 896 2888.

## Sumarbústaðir

Orlofsbústaðir á Seyðisfirði til leigu. Uppl. seydisfjordur@hotmail.com & 864 9486 & 846 1206.

## Atvinnuhúsnæði

100m2 verslunarhúsnæði Staðsett í Hlíðasmára, Kópavogi. Mjög ódýrt fermetra verð. Uppl. í síma 695 7045.

Hlíðasmári Kópavogi Aðstaða fyrir nuddara, snyrtiræðinga o.þ.h., mism. stærðir. Mjög hagstætt leiguverð. Uppl. í 695 7045.

## Geymsluhúsnæði

## geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (há Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavél. S. 555 3464

## www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m<sup>2</sup>. Góð verð. Óþíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

[www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)  
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. [www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is) s. 824 4535

**Gista.is / S. 694 4314**  
2ja-3jherbergja íbúðir á Akureyri. Uppbúin rúm, Internet, ADSL TV.

## Atvinna í boði

**Sportbarinn Ölver**  
Getum bætt við okkur duglegum og hressum dyravörðum og barþjónum. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. í s. 533 6220, Magnús og Halli.

## Atvinna

New Talent Required!  
Asset Manager

## Job Description

*The Asset Manager* is responsible for archiving audio-visual materials, providing traffic management for broadcast tapes worldwide, and supporting the activities of other departments in terms of facilitating the creation and distribution of promotional DVDs, accessing multimedia sales materials, and delivering production documents to clients.

*Duties include:* processing requests and providing customer support, fulfilling asset requests, shipping and receiving, and extensive data entry.

## Apply?

Please submit your application in English to: [job@lazytown.com](mailto:job@lazytown.com) until June 19th 2009.



## Veitingahús Nings - Framtíðarstarf

Veitingahús Nings óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskuælandi. **Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða [www.nings.is](http://www.nings.is)**

seafood cellar restaurant  
sjávarkjallarinn

## Sjávarkjallarinn

Framreiðslumaður á einum besta veitingastaði í Reykjavík? Er þinn einbeitti vilji að skara framúr? Framreiðslunám? Viltu læra fagið hjá þeim bestu og verða þjónn? Vinna sem almennur starfsmaður? Eru framúrskarandi þjónustulund, góð framkoma og mannleg samskipti styrkleikar hjá þér? Getur þú unnið undir álagi?  
**Sæktu um á:**  
<http://umsokn.foodco.is>

Háseta og beitningamann vantar á línubát í Noregi aðeins vanir menn koma til greina. Sendist á Grunnbakk@yahoo.com

SUSHIBARINN óskar eftir vönu fólki í sushigerð eða með áhuga á að læra sushigerð. Uppl. á staðnum, Laugavegi 2.

Söluturn á sv. 101 vantar 5 kvöld í viku og annan hvern lau. Einnig vantar starfsfólk á næturvaktir. Uppl. í s. 896 1933.

## Sportbarinn Ölver

Vaktstjóri óskast í fullt starf, verður að vera vanur. Uppl. í s. 533 6220.

Rafvirkjar Noregi Vantar tvo vana rafvirkja til vinnu í Oslo hjá norsku fyrirtæki 6 mánaða samningur til að byrja með. Aðstoða við leigu á húsnæði. Góð laun. Áhugasamir senda uppl. á [rafvertaki@gmail.com](mailto:rafvertaki@gmail.com) eða síma +4798281428

[WWW.ATVINNULEIT.IS](http://WWW.ATVINNULEIT.IS)

**Við aðstoðum þig í atvinnuleit. Allir geta skráð sig**

## Viðskiptataekifæri



Viltu starfa við útvarp? Dagskrárgerð og láta rödd þína heyra? Ræða fréttir og þjóðmál? Eða sjá um markaðsmál og auglýsingasölu. Starfa sjálfstætt? Hlutastar? Kynntu þér möguleikana og sendu umsókn á <http://starf.lydvarpid.is>

## Einkamál

## SÍMAPJÓNUSTUR

## Stefnumót

905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (fritt, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)

## Spjall

904-5454 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)

## Gay spjall

905-9988 (kreditkort)

## Sögur

905-2002 (símatorg)  
535-9930 (kreditkort)

## Spjalldómur

908-6000 (símatorg)  
535-9999 (kreditkort)



## Chat.is

Við spjallum saman og kynnumst njú fólk í Chat.is. Það kostar ekkert, og vefurinn er í boði á fjölda tungumála.

Símapjónusta  
Spjalldómur

**S. 908 6666 & 908 2000.**  
Óþíð þegar þér hentur

## Vel vaxin kona

heit og notaleg, leitast kynna við karlmann, 40 ára eða eldri, með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl. nr. 8801.

## Ný upptaka!

Hún lýsir því í einstökum smáatriðum hvernig þú gælir við hana og þú flygur ofar og ofar með henni í þessari heitu og nauðfullu (og töluvert háværu) upptöku! Þú heyrir hana hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upp-töknur. 8396.

# Fasteignir.is

til hamingju með glæsilegar nýjungar.

Fasteignaleitarvefurinn fasteignir.is hefur undanfarna mánuði fengið frábærar viðtökur þeirra sem eru í fasteignaviðskiptum og er í dag langstærsti fasteignaleitarvefur landsins, skipta heimsóknir í viku hverri tugþúsundum.

Í dag 16 júní kl. 12:00 verður opnað fyrir margháttaðar, glæsilegar nýjungar á vefnum. Nú er fasteignir.is ekki eingöngu stærsti fasteignaleitarvefur landsins heldur einnig sá fullkomnasti. Landsmenn geta nú fundið á einum stað allar þær fasteignir sem eru til sölu á landinu.

Meðal skemmtilegra nýjunga á fasteignir.is má nefna að þar er einnig úrval eigna til leigu og að auki fjöldi skipa, báta og fyrirtækja til sölu. Einnig er ný glæsileg leitarvél sem m.a. er með fullkomnum eignavaktara, nýjungar eru í myndaskoðun eigna og uppfærðar þjónustusíður

Fasteignir.is má einnig nálgast inn á visir.is

Ekki missa af draumaeigninni þinni – leitaðu á fasteignir.is



Við óskum fasteignir.is til hamingju með nýtt og glæsilegt útlit.

Ásbyrgi  
Ársalir Fasteignasala  
Ás Fasteignasala  
Ásberg  
Berg fasteignasala  
Borgir fasteignasala  
Byr fasteignasala  
Domus fasteignasala  
Eignamiðlun Mosfellsbæjar  
Eignamiðlun  
Eignaborg  
Eignatorg  
Fannberg Fasteignasala  
Fasteignakaup fasteignasala

Fasteignamarkaðurinn  
Fasteignamál lögmannstofa  
Fasteignamiðlun  
Fasteignamiðlun Grafarvogs  
Fasteignamiðlun Vesturlands ehf.  
Fasteignamiðstöðin  
Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar  
Fasteignasala G.Ó  
Fasteignasala Íslands  
Fasteignasala Snæfellsness  
Fasteignasala Vestfjarða  
Fasteignasalan Garður  
Fasteignasalan Hákot  
Fasteignasalan Tröð

Fold fasteignasala  
Gimli fasteignasala  
Húsaleiga/Húsasala  
Heimaey fasteignasala  
Heimili fasteignasala  
Híbýli fasteignasala  
Hof fasteignasala  
Höfði fasteignamiðlun  
Holt fasteignasala  
Hraunhamrar fasteignasala  
Húsanaust fasteignasala  
Húsavik fasteignasala  
Húsin í borginni  
Húsið fasteignasala

Þjóreign  
Mjóborg fasteignasala  
Neseignir  
Nýtt heimili  
Regula  
RE/MAX Bær  
RE/MAX Senter  
RE/MAX Torg  
Skeifan fasteignamiðlun  
Stakfell fasteignasala  
Stórborg fasteignasala  
Tröð fasteignasala  
Valfell fasteignasala  
Valhöll fasteignasala  
Viðskiptahúsið

**JOSEPH BUTLER (1692-1752) LÉST  
Á ÞESSUM DEGI.**

„Fólk getur elskað sjálft sig  
skilyrðislaust, en samt sem  
áður verið skelfilega van-  
sælt.“

Joseph Butler var enskur biskup, guðfræðingur og heimspékingur. Þekktastur er hann fyrir rit sín *Fifteen Sermons on Human Nature (1726)* og *Analogy of Religion, Natural and Revealed (1736)*.



**PETTA GERÐIST: 16. JÚNÍ ÁRIÐ 1946**

## Haldið upp á aldarafmæli MR

Haldið var upp á aldarafmæli Menntaskólans í Reykjavík á þessum degi árið 1946. Gengin var skrudganga að leiði Sveinbjarnar Egilssonar í Hóla-vallagarði en Sveinbjörn var fyrsti rektor skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík, eða MR eins og skólinn er oft kallaður í daglegu tali, á rætur að rekja til biskupsstólsins í Skálholti sem stofnaður var árið 1056. Skólinn var fluttur til Reykjavíkur 1786, í hús á Hólavelli ofan Suðurgötu. Vegna lélegra húsakynna fékk skólinn inni á Bessastöðum árið 1805. Þar var hann rekinn uns nýtt skólahús hafði verið reist við Lækjargötu í Reykjavík og var fluttur þangað haustið 1846. Hann var kallaður Reykjavíkur lærði skóli, og einnig Reykjavíkur-



skóli, Lærði skólinn eða Latínuskólinn.

Mikil áhersla var lögð á að kenna latínu og grísku fram á byrjun 20. aldar, en með nýrri reglugerð árið 1904 fækkaði kennslustundum í latínu og grískukennslu var hætt til að rýma fyrir nýju námsefni. Þá var skólinn nefndur Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík. Nemendur skólans lærðu sama námsefni fram til ársins 1919 þegar stærðfræðideild var stofnuð.

Skólinn hefur heitið Menntaskólinn í Reykjavík frá 1937. Við hann eru nú tvær meginbrautir, náttúrufræðibraut og málabraut, sem greinast í samtals átta deildir.

Heimild: www.mr.is.

**MERKISATBURÐIR**

- 1551 Danskir sendimenn konungs fá því framgengt á Oddeyri við Eyjaljóð, að Jón Arason og synir hans, Björn og Ari, eru dæmdir sekir um landráð rúmlega sjö mánuðum eftir að þeir eru teknir af lífi.
- 1877 Ísafoldarprentsmiðja formlega stofnuð og prentar blaðið Ísafold í fyrsta skipti.
- 1909 Vatni úr Elliðaánum hleypt á dreifikerfi Vatnsveitu Reykjavíkur. Vatni úr Gvendarbrunnnum er veitt inn á kerfið í byrjun október.
- 1940 Þýskur kabátur sökkvirk breska herskipinu Andania suður af Ingólfsstöðum. Áhöfn togarans Skallagríms bjargar 353 mönnum.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## Fjölbjóðlegir tónleikar í dag

Flytjendur á tónleikum sem haldnir verða í Kópavogskirkju í kvöld eru frá fimm mismunandi löndum og koma frá níu mismunandi skólum um heiminn. Tónleikarnir eru uppskeruháttíð kvartettnámskeiðs sem haldið var síðastliðna viku, en kennari á námskeiðinu var Sigurbjörn Bernharðsson, fiðluleikari í Pacifica strengjakvartettinum.

Þegar Þorgerður Edda Hall, einn af skipuleggjendum kvartettnámskeiðsins og tónleikanna, er innt eftir því af hverju tónlistarnemendur frá svo mörgum lönd-

um sæki tónlistarnámskeið á Íslandi segir hún það helst vera vegna kennarans. „Sigurbjörn er meðlimur í Pacifica strengjakvartettinum sem nýverið hlaut Grammy-verðlaun þannig að hann er mjög fær og fólk vill læra hjá honum.“

Þorgerður segir Sigurbjörn kenna við háskóla í Bandaríkjunum og þar hafi hann kynnt námskeiðið fyrir tónlistarnemendum. „Hann smalar saman fólki sem hann þekkir.“

Tónleikarnir hefjast í Kópavogskirkju klukkan 20 og er aðgangur ókeypis.



**FJÖLBJÓÐLEGIR FLYTJENDUR** Tónleikar með flytjendum frá fimm löndum verða haldnir í Kópavogskirkju í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



## LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbro, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

**S:HELGASON**

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

**AFMÆLI**



**JOAN VAN ARK**  
leikkona er 66 ára.



**MELISSA MISSY PEREGRIN**, leikkona og fyrrsæta, er 27 ára.



**JOHN CHO**  
leikari er 37 ára.



**SÖNGUR OG SPORT.** Björk og Ótver eru á meðal þeirra sem hafa sungið í karóki á Ölveri.

**SPORT- OG KARÓKÍBARINN ÖLVER: Á 25 ÁRA AFMÆLI Í DAG**

## Elsta krá landsins á tímamótum

Ölver í Glæsibæ fagnar 25 ára afmæli í dag en krána opnuðu þeir Halldór Júlíusson og Sigurður Sigurðsson hinn 16. júní árið 1984.

„Staðurinn var opnaður þegar bjórlíkisæðið stóð sem hæst og er, eftir að Gaukur á Stöng lagði upp laupana, elsta krá landsins,“ segir framkvæmdastjórinn Magnús Halldórsson. Hann og kona hans, Sigurlín Sæmundsdóttir, tóku við staðnum af föður Magnúsar, Halldóri Júlíusssyni, árið 1997 og hefur hann því verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi.

Þótt staðurinn hafi ávallt verið til húsa að Álfrheimum 74 þá hefur hann tekið miklum breytingum. „Við byrjuðum með einn sal, í dag eru þeir þrjú og er ráðgert að bæta tveimur við.“

Margir tengja staðinn fyrst og fremst við karóki en það hefur ráðið þar ríkjum síðan 1991. „Þetta var þá með fyrstu karókistöðum í Evrópu og hér hafa margir hafið upp raust sína,“ segir Magnús. „Fljótlega upp úr 1991 bættist sportið síðan við en það þótti tilvalið að nýta sjónvarpsskjáina til að sýna frá hinum ýmsu íþróttviðburðum. Sá þáttur starfseminnar hefur farið vaxandi undanfarnin ár en alger sprengja varð í sportbörum fyrir heimsmeistaramótið í handbolta árið 1995. Í dag erum við með fjögur breiðtjöld og átján flatskjái og getum sýnt frá átján mismunandi viðburðum í einu, en fyrirhuguð stækkun býður upp á enn fleiri möguleika.“

Magnús hefur eins og gefur að

skilja hlýtt á fólk af öllum stærðum og gerðum taka lagið á staðnum en í það sækja bæði vanir og óvanir söngvarar. „Hér hafa margir af frægustu söngvurum landsins hafið upp raust sína en Björgvin Halldórsson var sá fyrsti sem söng opinberlega í karóki á Íslandi. Þá komu Björk og félagar hennar í Sykurmolunum hingað oft og iðulega til að æfa sig og leika sér. Síðan koma alls kyns hópar og fólk með mismikla sönghæfileika en mér finnst gaman að sjá hvernig sjálfs-traust margra vex við að spreya sig með hljóðnemann í hönd. Ég neita því hins vegar ekki að ég hef þróað með mér þann hæfileika að loka eyrunum ef þannig ber undir.“

vera@frettabladid.is

## Baðstofukvöld í Borgarfirðinum

Tónlistarháttíðin ISNord er haldin í fimmta sinn í ár og fara lokatónleikar hennar fram í Logalandi í kvöld.

Tónleikarnir bera nafnið Baðstofukvöld Böðvars og eru haldnir til heiðurs Böðvari Guðmundssyni rithöfundu sem varð sjötugur fyrr á árinu. „Ég kalla það baðstofukvöld af því að ýmsir flytjendur koma fram, svo verður lesið smá og spjallað á milli laga. Þetta er ekki beinlínis hefðbundin og stíf efnisskrá,“ segir Jónína Erna Arnardóttir, listrænn stjórnandi háttíðarinnar.

Jónína Erna segist hafa ákveðið að halda óhefðbundna tónleika í stað hefðbundinna vegna þess hversu fjölbreytt hloti Böðvar hefur gert í gegnum tíðina. „Mig langaði svolítið til að sýna þá hlið á honum og mér finnst mismunandi flytjendur hafa mismunandi efni tónleikanna.“

Jónína segir að Böðvar sé ættaður úr Borgarfirði og því hafi verið ákveðið að halda lokatónleika háttíðarinnar til heiðurs honum. „Hann er fæddur á Kirkjubóli í Hvítársíðu. Hann hefur alltaf haldið góðum tengslum við Borgarfirðinn og kemur hingað reglulega.“

Tónleikarnir hefjast í Logalandi klukkan 21 í kvöld.

**LOKATÓNLEIKAR** ISNord-tónlistarháttíðarinnar eru tileinkaðir Böðvari Guðmundssyni rithöfundu.



# Messað við Þvottalaugarnar

Kvennakirkjan, Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands stenda fyrir kvennamessu við Þvottalaugarnar í Laugardal föstudaginn 19. júní klukkan 20.

Séra Auður Eir Vilhjálmisdóttir prédikar. Ásdís Þórðardóttir leikur á trompet og Kór Kvennakirkjukvænna og Léttisveitar Reykjavíkur syngja við undirleik Aðalheiðar Þorsteinsdóttur.

Að messu lokinni verður

hægt að kaupa kaffi á Café Flóru í Grasagarðinum. Þar verða til sýnis myndir úr Laugavegsgöngu Start-Art listakvænna sem var nýverð farin til heiðurs þvottakonum í Reykjavík.

**PREDIKUN** Séra Auður Eir Vilhjálmisdóttir, prestur Kvennakirkjunnar, predikar við þvottalaugarnar í Laugardal á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



+



*Okkar ástkæri,*  
**Hjalti Þór Kjartansson**  
Lóurima 14, Selfossi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu aðfaranótt föstudagsins 12. júní síðastliðinn.

Sigríður Haraldsdóttir Óskar Jóhann Björnsson  
Kjartan Ólason  
Andrés Pálmarsson  
Haraldur Óli Kjartansson  
Guðrún Helga Andrésdóttir  
Magnús Arnar Andrésson

+



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Sigurþór Ísleiksson**  
Hábergi 7, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Víðinesi föstudaginn 12. júní.

Ásdís Sigurþórsdóttir Grétar Indriðason  
Svanfríður Sigurþórsdóttir Bjarki Bjarnason  
Þóra Sigurþórsdóttir Ívar Bergmundsson  
Fanný Sigurþórsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

+




*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, dóttur, systur, ömmubarns og tengdadóttur,*  
**Svanhvítar Rósu**  
**Þráinsdóttur**  
Víðigrund 5, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildar Landspítala, Fossvogi, allir þeir sem komu beint að útför hennar, okkar yndislegu vinir og nánasta fjölskylda, allir þeir frábæru hljóðfæraleikarar og söngvarar sem fluttu tónlistina af einlægni og séra Bragi Skúlason. Megi Drottinn Guð fylgja ykkur öllum.

Pröstur Þorbjörnsson Daney Rós Prastardóttir Svava Jónsdóttir  
Þráinn Einarsson  
Víðir Þráinsson  
Sigurbára Sigurðardóttir  
Aðalbjörg Sigurðardóttir

+



*Elskulegur frændi okkar,*  
**Hákon Árnason,**  
Dvalarheimilinu Barmahlíð, Reykhólum,

sem lést 6. júní, verður jarðsönginn frá Reykhólakirkju laugardaginn 20. júní kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Dvalarheimilisins Barmahlíðar, Reykhólum. Reikningsnúmer: 1118-05-310241. Kt. 670483-0379.

Fyrir hönd aðstandenda, systkinin frá Kambi.

+



*Móðir mín, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*  
**Málfríður L. Eyjólfsdóttir,**  
lést á Landakotsspítala þann 9. júní.

Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 18. júní kl. 13.00.

Edda Eðvaldsdóttir Þór Þorvaldsson  
Sigurrós Eyjólfsdóttir  
Sigríður Eyjólfsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

+



*Móðir mín, tengdamóðir og amma,*  
**Þórunn Emelía Stefánsdóttir Milla,**  
Dvalarheimilinu Hlíð,

lést miðviðukudaginn 10. júní. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. júní kl. 10.30.

Anna Jóna Jóhannsdóttir Einar Jón Briem  
Menda Nita Eyrún Cruze  
og barnabörn.

+



*Ástkær sonur okkar, föstursonur, bróðir, mágur og frændi,*  
**Snorri Benediktsson,**  
Engihjalla 1, Kópavogi,

verður jarðsönginn frá Gleráarkirkju Akureyri fimmtudaginn 18. júní kl. 13.30.

Mekín Kjartansdóttir Einar Haukur Einarsson  
Benedikt Bjarnason  
Bjarni Þór Benediktsson  
Kjartan Benediktsson Agnes Þóra Kristþórsdóttir  
Steinunn María Auðunsdóttir Elmar Blær Kjartansson

+



*Hjartans þakkir til allra ættingja og vina nær og fjær sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts elskulegs mannsins míns, pabba okkar, fösturpabba, tengdapaþabba, afa og langafa,*  
**Péturs Kristófers Guðmundssonar**  
frá Hraunum í Fljótum.

Sérstakar þakkir til fólksins í Skógarhlíð á Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri fyrir kærleiksrika umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Rósa Pálmadóttir  
Guðrún Björk Pétursdóttir Friðrik Gylfi Traustason  
Elisabet Alda Pétursdóttir Sigurður Björgúlfsson  
Viðar Pétursson Anna Kristinsdóttir  
Pétur Sigurvin Georgsson Jónína Halldórsdóttir  
Berglind Rós Magnúsdóttir Ásgrímur Angantýsson  
og fjölskyldur þeirra.

+



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*  
**Anna Friðriksdóttir**  
Þórunnarstræti 127, Akureyri,

lést laugardaginn 13. júní á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Kristinn Traustason  
Gunnlaugur Traustason  
Friðrik Gylfi Traustason  
og fjölskyldur þeirra.

+



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*  
**Sólborg Hulda Þórðardóttir,**  
Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, áður Stigahlíð 18, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 11. júní.

Þórður Adólfsson Elsa Jóhanna Gísladóttir  
Adólf Adólfsson Monika Magnúsdóttir  
og fjölskyldur.

+



*Frændi okkar,*  
**Eiríkur Björgvinsson**  
múrari, Kleppsvegi 128, Reykjavík,

er látinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu, föstudaginn 19. júní kl. 11.00.

Frændfólk hins látna.

+



*Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Sigurður Ringsted,**  
fyrirverandi bankastjóri, Mýrarvegi 117, Akureyri,

sem lést laugardaginn 6. júní verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 22. júní kl. 13.30.

Hulda Haraldsdóttir Sigrún Skarphéðinsdóttir  
Sigurður Ringsted  
Haraldur Ringsted  
Guðmundur Ringsted  
Anna Ringsted  
Pétur Ringsted Sigríður Þórólfsdóttir  
Huld Ringsted Hallgrímur Guðmundsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

+



*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*  
**Ingibjörg Ögmundsdóttir**  
frá Sauðárkróki,

lést á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 12. júní.

Kristín Björg Pétursdóttir Ólöf Sigurðardóttir  
Halldór Stefán Pétursson  
Ingibjörg Soffía Pétursdóttir Sik Leif Sik  
Ragna Brynjarsdóttir

# 101 TOKYO

13.06.09–13.07.09  
**SNERTING VIÐ JAPAN**  
Í NORRÆNA HÚSINU REYKJAVÍK

**NÆSTU FYRIRLESTRAR:**  
**ÞRIÐJUDAGUR 16. JÚNÍ KL. 18–20:**

**Zokei-kvikmyndir:**  
Nobuhiro Suwa, vinningshafi hinna eftirsóttu FIPRESCI verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Cannes og rektor Zokei háskólans í Tókýó, heldur fyrirlestur um japanskar kvikmyndir.

**FIMMTUDAGUR 18. JÚNÍ KL. 20–22:**

**Zokei-teiknimyndir (anime):**  
Prófessor Masaaki Mori frá Zokei háskólanum í Tókýó heldur fyrirlestur um japanskar teiknimyndir ("anime") með áherslu á verk nemenda.

**LAUGARDAGUR 20. JÚNÍ KL. 18–20:**

**„Japanskur still“ og vöruhönnun:**  
Hönnunarráðgjafinn og menningarfrömuðurinn, prófessor Tadanori Nagasawa frá Musashino listaháskólanum heldur fyrirlestur um japanska nútímahönnun.

**AÐGANGUR ER ÓKEYPIS**  
**WWW.101TOKYO.IS**



**NOKKUR ORÐ**  
**Freyr Gígja Gunnarsson**

## Fólkið en ekki fyrirtækin

Fyrir þremur árum var olúfjálfyrirferðarmest í íslenski umræðu. Upp komst um verðsamráð þriggja stærstu olúfyrirtækjanna en Íslendingar höfðu þá þungað út milljörðum í bensínkostnað. Í Ameríku hefðu forstjórar þessara fyrirtækja verið fyrst dregnir fyrir þingnefnd í beinni útsendingu sem hefði lokið með rasskellingu framan við sjónvarpsvélarnar. Þar næst hefði her lögfræðinga og saksóknara kvalið þá og þint í dómsal og ævintýrið endað eins og öll góð ævintýri, þar sem vonda nornin hlýtur makleg málagjöld.

En á Íslandi virka kerfið og ævintýrin ekki þannig. Á Íslandi eru fyrirtækin gerð að lifandi persónum og þau eru dæmd. Þótt auðvitað séu það manneskjurnar í forstjórstólunum sem taka stóru ákvarðanirnar. Þannig er ekki

hægt að dæma Skeljung, fyrirtækið sem slíkt, fyrir brot á verðsamráði. Olúfjálfélagið, óbreyttir starfsmenn á plani og á skrifstofum, höfðu ekkert með þetta að gera. Það voru forstjórnarnir sem tóku þá ákvörðun að svína á landi og þjóð.

Svipað er uppi á teningnum í efnahagshruninu. Stóru bankarnir þrír eru í hugum okkar stórar svikamyllur og þegar þær hrundu skildu þær eftir sig sviðna jörð. En bankarnir sem slíkir eru ekki ábyrgir fyrir því hvernig fór. Stjórnendur þeirra og eigendur bera alla sök, það eru í raun þeir sem ættu að eiga erfitt með svefn eftir að hafa skilið hálfá þjóðina eftir í skuldásúpu. Gunna, sem heldur með KR og vinnur í Vesturbæjarútibúinu, tók engar veigamiklar ákvarðanir hvað ICESAVE varðar heldur voru það karlarnir sem átu gull og keyptu knattspyrnufélag. Þeirra er sökin.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## SÓMAHYRNUR

FYRIR ÞÁ SEM VILJA MIKLU MEIRA Á MILLI



Í Sómahyrnum er talsvert meira af áleggi og fersku grænmeti en þú átt að venjast og að sjálfsgöðu er brauðið beint úr ofninum.

### FERSKAR Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI!

Þú færð ferska og gómsæta samlöku frá Sóma á hverjum degi í næstu verslun.

ÓDÝRT Í  
HAGKAUP

# Grillum á þjóðhátís

OPIÐ  
til **20**  
alla daga

OPIÐ  
17. JÚNÍ



100% nautakjöt

- 2x175 g ungnauta hamborgarar
- Risabrauð
- Ostur
- BBQ sósa

ÓDÝRT Í  
HAGKAUP

HAMBORGARAR  
100% NAUTAKJÖT

**594** kr/pk.

Merkt verð 849.-



**974** kr/kg.

Merkt verð 1.298.-



**1.019** kr/kg.

Merkt verð 1.698.-



**1.799** kr/pk.

Verð áður 2.399.-



**2.999** kr/kg.

Merkt verð 3.999.-

Lambagrillsneiðar  
sagaður frampartur

Grísakótilettur  
hunangsmarineraðar

Jensen's BBQ svínaríf  
tilbúin beint á grillið

Nautalundur innfluttur  
frosnar



Sætar kartöflur m/timjan



Balsamikmarinerað grænmeti



Beikonfylltar kartöflur



Berjabomba m/kókosbollum

spennandi  
á grillið!



HOT SPOT  
SÓSUR

**20%**

afsláttur v/kassa

SPENNANDI



17. JÚNÍ  
SNUÐ

**229** kr/stk.



17. júní blöðrur  
í úrvali



COKE 0,5 LTR.  
6 Í PAKKA

**599** kr/pk.



EUROSHOPPER  
SYKURPÚÐAR

**299** kr/pk.



ALMONDY DAIM  
KAKA

**799** kr/stk.



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn  
Skeifan & Garðabær

Gildir til 21. júní á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

**PRÍÐJUDAGSBIÓ Í SAMBÍÖNUM Í DAG KR. 500**  
**AUKASYNINGAR Í ALFABAKKA!** GILDIR EKKI Í VIP- OG ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D

**STÆRSTA BÍÓOPNUN Á ÍSLANDI ÁRÍÐ 2009**

„Ég hef ekki skemmt mér betur í bíó síðan einhvern tímann á síðustu öld.“  
 ★★★★★  
 s.v. mbl



**HANGOVER**

**15.000 GESTIR - LANG VINSÆLASTA MYNDIN**

ALFABAKKA		SELFÖSS	
HANGOVER kl. 3:40 - 5:50 - 8D - 8:30 - 10:20D - 11	12	THE HANGOVER kl. 8 - 10:20	12
THE HANGOVER kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	VIP	NIGHT AT THE MUSEUM kl. 8	L
MANAGEMENT kl. 5:50 - 8 - 10:20	10	ANGELS AND DEMONS kl. 10	14
ADVENTURELAND kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	12	AKUREYRI	
CORALINE 3D mvlst.tali	L	HANGOVER kl. 8 - 10	12
THE LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 10:20	16	ADVENTURELAND kl. 8	12
STAR TREK XI kl. 8	10	LET THE RIGHT ONE IN kl. 10	16
STÍGUVÉLABI KÖTTURINN mvlst.tali kl. 4 - 6	L	KEFLAVÍK	
HANNAH MONTANA kl. 3:40	L	THE HANGOVER kl. 8 - 10:10	12
KRINGLUNNI		THE LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 10:10	16
THE HANGOVER kl. 6D - 8D - 9:10D - 10:20D	12	NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 8	L
MANAGEMENT kl. 6 - 8 - 10:20	10	vertu aðdáandi á FACEBOOK og þú gætir unnið vegleg verðlaun <a href="http://facebook.sambioin.is">http://facebook.sambioin.is</a>	
GOTT SILFUR GULLI BETRA kl. 7:30D síðasta sýn	L		
CORALINE 3D mvlst.tali kl. 5:30(3D)	L		

**NÝTT Í BÍÓ!**

**500 kr.** **500 kr.** **500 kr.**

**GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST** **TERMINATOR SALVATION**

**500 kr.** **500 kr.** **500 kr.**

**GULLBRÁ** **NIGHT AT THE MUSEUM 2** **ENGLA- og DJÖFÍFLAR**

**500 kr.** **500 kr.** **500 kr.**

**X-MEN ORIGINS WOLVERINE** **BOAT ROCKED** **MEDICAL CENTER** **DRAMA LANDIÐ**

**500 kr.** **500 kr.** **500 kr.** **500 kr.**

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000 **HÁSKÓLA BÍÓ** Sími 530 1919

SMÁRA BÍÓ		HÁSKÓLA BÍÓ	
GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST kl. 5:45 - 8 - 10:15	7	GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST kl. 5:45 - 8 - 10:15	7
GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST kl. 5:45 - 8 - 10:15	7	GULLBRÁ kl. 6	L
GULLBRÁ kl. 4	L	TERMINATOR: SALVATION kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
TERMINATOR: SALVATION kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	ANGELS & DEMONS kl. 8 - 10:40	14
NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 3:30 - 5:40 - 8	L	THE BOAT THAT ROCKED kl. 8 - 10:40	12
ANGELS & DEMONS kl. 5 - 8 - 10:20	14	DRAMA LANDIÐ kl. 6	L
MÚMÍNAFARNIR kl. 3:40	L		
	5%		
REGNBÖGINN		BORGAR BÍÓ	
TERMINATOR kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	TERMINATOR: SALVATION kl. 8 - 10:10	12
NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 5:40 - 8 - 10:20	L	GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST kl. 5:50 - 8 - 10	7
ANGELS & DEMONS kl. 5:30 - 8:30	14	GULLBRÁ kl. 5:50	L
X-MEN WOLVERINE kl. 5:40 - 8 - 10:20	14		
	5%		

**NÝTT Í BÍÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**500 KR.** **500 KR.** **500 KR.**

**GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST** **TERMINATOR SALVATION** **GULLBRÁ**

**500 KR.** **500 KR.** **500 KR.**

**NIGHT AT THE MUSEUM 2** **ENGLA- og DJÖFÍFLAR**

**500 KR.** **500 KR.**

**SÝNINGARTÍMAR**

GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST kl. 6, 8 og 10.15 7  
 GULLBRÁ kl. 4 - ísl. tali L  
 TERMINATOR SALVATION kl. 8 og 10.15 14  
 NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 4 og 6 L  
 ANGELS & DEMONS kl. 4, 7 og 10 14

# Mixdiskur með vögguvísnum

Plötusnúðarnir Gísli Galdur Þorgeirsson og Benni B-Ruff, réttu nafni Benedikt Freyr Jónsson, hafa lengi skemmt dansglöðum Íslendingum með tónlist sinni. Nýlega tóku þeir að sér að setja saman sérstaka mixdiska, sem kallast A-D, í samstarfi við Smirnoff og tiskuvörverslunina Kron Kron. Plötusnúðarnir eiga líka báðir von á sínu fyrsta barni á næstu dögum og mánuðum og hlakka þeir mikið til að takast á við föðurhlutverkið. Gísli Galdur á von á sínu barni um miðjan október en barn Benedikts mun fæðast á allra næstu



**DJ-FEÐUR.** Plötusnúðarnir Gísli Galdur og Benni B-Ruff eiga báðir von á sínu fyrsta barni.

dögum, „Ég held að hann sé bara á klukkunni. Barnið hans á að fæðast

í kringum 17. júní en mitt á sama tíma og Airwaves-hátíðin stendur sem hæðst. Þannig að börnin fæðast á skemmtilegum tyllidögum þar sem tónlistin er allsráðandi,“ segir Gísli Galdur. Aðspurður segir hann að í framtíðinni komi vel til greina að þeir félagar setji saman mixdisk fyrir frumburðina sem muni innihaldi vögguvísur. „Það er aldrei að vita, það væri góð hugmynd. Ætli maður mundi ekki velja sitthvað af öllu á diskinn, ég er nefnilega ekki allveg viss um hvaða tónlist ungbörn hlusta á.“ - sm

# ALLTAF GLEÐI HJÁ FM 957

Stuðboltarnir á útvarpsstöðinni FM 957 héldu upp á tuttugu ára afmæli sitt á Nasa á laugardaginn. Stöðin stóð svo sannarlega undir nafni því allir voru í stuði.

„Við vöknudum með hausverk á sunnudeginum en gleði í hjarta, það var bara svoleiðis,“ segir Brynjar Már, dagskrárstjóri útvarpsstöðvarinnar FM 957. Hún náði þeim merka áfanga á laugardaginn að hafa verið í loftinu í tuttugu ár. Sem þykir nokkuð vel af sér vikið í hinum sfbreytilega og óútreiknanlega fjölmiðlaheimi Íslands. Tónlistarmenn og gamlir starfsmenn stöðvarinnar létu ljós sitt skína í þessari tveggja daga afmælisveislu og útvarpsmenn rifjuðu upp mörg eftirminnileg atvik í sögu stöðvarinnar á föstudeginum. Laugardagurinn fór hins vegar í partýið á Nasa þar sem vildarvinir stöðvarinnar héldu uppi stuðinu áður en veislan hófst. „Þetta gekk fram- ar öllum vonum og var bara alveg æðislega skemmtilegt kvöld, allir brosandi og glaðir,“ segir Brynjar. Útvarpsstöðin verður í Vestmannaeyjum um næstu helgi og hyggst mála eyjuna rauða. - fgg



**NÝ STJARNNA** Haffi Haff er nýjasti meðlimur FM-fjölskyldunnar en hann er feykilega vinsæll meðal ungu kynslóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**REYNSLUBOLTI** Herbert Guðmundsson sýndi að hann hefur engu gleymt tónlistarmaðurinn var vel með á nútunum í afmælisveislu FM.



**SLAGARAHÖFUNDUR** Örylgur Smári hefur haldið hlustendum FM á tönnum með vinsælum lögum sínum og hann var að sjálfsgöðu mættur.



**VILDARVINUR** Hreimur í Landi og sonum tók lagið fyrir gesti Nasa en hljómsveitin hefur verið vinsæl meðal hlustenda FM 957.

# Hljóðfærum stolið af Sudden Weather

Brotist var inn í æfingahúsnæði hljómsveitarinnar Reykjavík! og stolið þaðan hljóðfærum úr eigu Sudden Weather Change sem strákarnir höfðu fengið að geyma í húsinu. Meðal annars var stolið effektum og rauðum gítar af gerðinni Fender Mustang, auk þess sem fartölva var tekin.

„Þetta var áfall og líka leiðinlegt. Þetta er eitthvað svo persónulegt,“ segir Logi Höskulds-son í Sudden Weather Change. „Þetta er dýr gítar og gítareffektarnir eru upp á svona 120 þúsund kall.“ Ókeypis tónleikar verða haldnir á Kaffistofunni við Hverfisgötu í kvöld þar sem gestir eru hvattir til að gefa í söfnunarsjóð til styrktar Sudden Weather Change. Þar koma fram Reykjavík, Sudden Weather Change og AMFJ. Logi hvetur alla til að mæta, ekki bara til að styrkja þá félag, heldur líka til að hlusta á frábæra tónlist. - fb



**SUDDEN WEATHER CHANGE** Hljóðfærum úr eigu Sudden Weather Change var stolið á dögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**KRÓNA** Hljómsveitin Króna gefur út sitt fyrsta lag á morgun á Tónlist.is

# Fyrsta lagið frá Krónu

Hljómsveitin Króna gefur út sitt fyrsta lag, Annar slagur, á morgun á Tónlist.is. Króna er rokktríó skipað þeim Birgi Erni Steinars-soni, Jóni Val Guðmundssyni og Hjalta Jóni Sverrissyni. Sveitin hefur verið starfandi í rúmt hálf t ár og leggur áherslu á séríslensk- an hljóm með íslenskum textum. Króna fagnar útgáfunni í kvöld með því að hita upp fyrir Dr. Spock á tónleikum á Sódómu Reykjavík. Einnig koma fram Cliff Clavin og Bróðir Svartúlfs. Því næst kemur Króna fram á Lunga- hátíðinni á Seyðisfirði á sérstöku kvöldi Kimi Records 17. júlí.



# Skemmtilegur lestur og þrautir fyrir litlu snillingana

Nú geta ungu snillingarnir á heimilinu skemmt sér í sumar með góðum bókum og skemmtilegum þrautum frá Skólavefnum. Bækurnar eru á sérstöku tilboði hjá Eymundsson, ætlaðar yngstu lesendunum og þeim sem hafa gaman af þrautum.

## Stóra snillingabókin

Skemmtilegar þrautir fyrir 8-12 ára snillinga.

## Sæli og Sómi, Sögur af Alla Nalla og Labbi pabbakútur

Skemmtilegar og léttar lestrarbækur fyrir yngstu lestrarhestana.

## Tölu- og talningabækurnar

Nýtt efni í stærðfræði fyrir þá allra yngstu sem vilja koma vel undirbúnir fyrir fyrsta skólaveturinn.



**750 kr.**  
~~899 kr.~~



**790 kr.**  
~~950 kr.~~



**790 kr.**  
~~950 kr.~~



**790 kr.**  
~~950 kr.~~



**790 kr.**  
~~950 kr.~~



**850 kr.**  
~~990 kr.~~



Tilboðið gildir til 29. júní.

**> Freyr áfram í Haukum**

Hornamaðurinn sterki Freyr Brynjarsson gekk í gær frá nýjum tveggja ára samningi við Íslandsmeistarana Hauka. Freyr var einn besti leikmaður meistaranna síðasta vetur og því afar ánægjuleg tífinni fyrir Hauka að hann haldi áfram. „Ég var kominn með upp í kok af handbolta í Desember en þegar ég var valinn í B-landsliðið í janúar breyttist allt. Það virkilega reif mig upp,“ sagði Freyr sem var með fyrirspurn frá Noregi en það mál gekk of hægt fyrir sig og því ákvað hann að semja upp á nýtt við Haukana.

**sport**  
sport@frettabladid.is

**HJÖRTUR HJARTARSON OG GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON: ÍPRÓTTAFRÉTTAMENN Á SKOTSKÓNUM****Fáum stundum háðsglósur frá áhorfendum**

Það vakti óneitanlega athygli að íþróttafréttamennirnir Hjörtur Hjartarson og Guðmundur Benediktsson voru báðir á skotskónum með sínum liðum í Pepsi-deild karla á sunnudagskvöldið. Bæði mörkin þóttu einkar lagleg og segir Hjörtur að hann sé það gamall í hettunni að svona afgreiðsla á knettinum gerist sjálfkrafa. „En þetta er nú samt töluvert mál fyrir svona gamlan og þungan mann,“ sagði Hjörtur í léttum dúr. Guðmundur skoraði með skalla sem hann segir að hafi verið dýrmætt fyrir sig persónulega. „Það voru tveir menn búnir að veðja við mig að mér myndi ekki takast að skora með skalla í sumar. Ég ákvað því að henda mér niður í boltann og afgreiða þetta mál strax,“ sagði hann og hló. Báðir segjast þeir mæta skilningi hjá sínum

yfirmönnum til þess að sinna fótboltnum en Hjörtur vinnur hjá RÚV og Guðmundur hjá Stöð 2 Sporti.

„Þetta getur verið erfitt þar sem mesta vinnan er á kvöldin og þá helst á sama tíma og æfingar og leikir eru. Þá er einnig fótboltinn stærsta íþróttin á Íslandi og því erfitt fyrir mig að þurfa að sniðganga alveg íslenska fótoltann í vinnunni,“ sagði Hjörtur.

Báðir játa þeir því að hafa fengið aðeins meiri athygli en aðrir knattspyrnumenn vegna starfa sinna. „Aðallega eru áhorfendur að spyrja mig hvort ég vilji ekki bara lýsa leiknum en ég hef nú yfirleitt gaman af því,“ sagði Guðmundur.

Samskipti Hjartar og Ólafs Jóhannessonar landsliðsþjálfara hafa vakið athygli á blaðamannafundum KSÍ fyrir landsleiki. Ólafur hefur haft það á orði að Hjörtur eigi ekki lengur möguleika á landsliðssæti. Hjörtur svarar þó fyrir sig nú í gamansömum tóni. „Ég hélt nú að mín leið í landsliðið væri greið eftir að Óli tók við enda vorum við saman hjá Skallagrími á sínum tíma. En annað hefur komið á daginn. Svo þegar ég spyr hann hvort hann hafi verið duglegur að mæta á Þróttaraleiki segist hann ekki nenna því. Ég þurfi hins vegar bara að leggja inn á hann og þá kemst ég inn. Landsliðsdraumurinn minn er þó enn á lífi – ég þarf bara að vera duglegur að safna.“



	<b>0-1</b>	
<b>Breiðablik</b>		<b>Valur</b>
Kópavogsv., áhröf.: 1.301 Gardar Óm Hinriksson (5)		

0-1 Baldur Bett (22.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	9-6 (7-2)
Varin skot	Ingvar 1 - Haraldur 6
Horn	7-4
Aukaspjrnur fengnar	11-18
Rangstöður	4-1

<b>BREIÐA.</b> 4-5-1	<b>VALUR</b> 4-4-2
Ingvar Þór Kale 5	*Haraldur Björns. 7
Arnór Aðalsteinsson 6	Reynir Leósson 6
Finnur O. Margeirs. 6	Atli Sv. Þórarinnsson 6
Kári Ársællsson 3	Guðm. Viðar Mete 6
Kristinn Jónsson 7	Bjarni Ó. Eiríksson 4
Alfred Finnþósson 6	Ólafur Páll Snorrason 5
Ólgeir Sigurgeirsson 5	Ian Jeffs 4
Guðm. Kristjánsson 4	Baldur Bett 5
(74. Arnar Sigurðs. -)	(81. Einar Marteins. -)
Arnar Grétarsson 6	Halþór Vilhjálmsson 4
Kristinn Steindórsson 4	(90. Viktor Illugason -)
(85. Aron Smáras. -)	Marel Baldvinsson 5
Haukur Baldvinsson 5	Helgi Sigurðsson 6

\*Maður leiksins

**STADAN Í PEPSI-DEILDinni:**

<b>FH</b>	7	6	0	1	18-6	18
Stjarnan	7	5	1	1	20-9	16
<b>KR</b>	7	4	2	1	14-6	14
Fylkir	7	4	2	1	12-6	14
<b>Valur</b>	7	4	1	2	9-8	13
Keflavík	7	3	2	2	11-11	11
<b>Breiðablik</b>	7	2	2	3	11-13	8
ÍBV	7	2	0	5	7-11	6
<b>Fram</b>	7	1	2	4	6-10	5
Þróttur	7	1	2	4	6-14	5
<b>Fjölnir</b>	7	1	1	5	8-14	4
Grindavík	7	1	1	5	7-18	4



**MAGNAÐUR** Kaká fagnar hér sigurmarki sínu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Álfukeppnin í knattspyrnu:  
**Kaká tryggði Brössum sigur**

**FÓTBOLTI** Brasilía lenti í kröppum dansi gegn Egyptum í Álfukeppninni og marði að lokum 4-3 sigur. Sigurmarkið skoraði Kaká úr víti á lokamínúttunni. Hann skoraði einnig fyrsta mark Brasilíumanna en hin mörkin skoruðu Luis Fabiano og Juan.

Mohamed Zidan skoraði tvívegis fyrir Egypta og nafni hans, Mohamed Zawky, skoraði hitt markið.

Heimsmeistarar Ítala lentu einnig í kröppum dansi gegn Bandaríkjamönnum. Landon Donovan kom Bandaríkjamönnum yfir úr víti á 39. mínútu og þannig stóðu leikar í hálfleik þótt svo Bandaríkjamenn væru manni færri eftir að Ricardo Clark var vikið af velli á 32. mínútu.

Ítalar byrjuðu síðari hálfleikinn vel og Guiseppe Rossi jafnaði fyrir þá á 58. mínútu. Ítali létu ekki þar við sitja því Daniele de Rossi kom þeim yfir á 71. mínútu. Guiseppe Rossi skoraði svo lokamarkið í uppbótartíma. - hbg

**Tilprifalítill vinnusigur hjá Val**

Það var fátt um fína drætti þegar Valur lagði Breiðablik, 0-1, í Kópavoginum. Valsmenn spiluðu frekar leiðinlegan fótbolta en vörðust vel gegn ráðalausum Blikum sem gekk ekkert að opna sterka vörn Vals.

**FÓTBOLTI** Valsmenn unnu sannkallaðan vinnusigur á Breiðablik á Kópavogsvelli í gær, 1-0, í miklum baráttuleik þar sem áferðarfallegur fótbolta lét á sér standa.

Valsmenn hófu leikinn mun betur og voru nokkrum sinnum aðgangsharðir áður en Baldur Bett skoraði fyrsta mark leiksins á 22. mínútu eftir laglega skyndisókn þar sem boltinn gekk hratt milli manna.

Eftir litla sóknartilburði færðu Blikar sig fram á völinn eftir mark Valsmanna en náðu ekki að nýta þau fáu færi sem gáfust á sama tíma og Valsmenn freistuðu þess að sækja hratt. Lítil gæði voru í leik liðanna og var leikurinn meira og minna stöpp á löngum köflum vegna flautugleði dómars.

Valsmenn sóttu lítið í síðari hálfleik og lögðu allt kapp á að koma í veg fyrir að Breiðablik næði að leika sinn sóknarleik og tókst það vel lengst af en er leið á hálfleikinn var Valsliðið komið of aftarlega og þá fengu Blikar skottækifæri en dauðafærin létu á sér standa og má segja að varnarleikur Vals hafi gengið vel upp.

„Við lögðum upp með það allan leikinn að liggja til baka og hefja varnarvinnuna á fremstu mönnum. Við höfum verið að sækja leikina hingað til. Fengið á okkur mörk og höfum þurft að sækja. Við vorum að leika við léttleikandi og skeinu-hætt Blikaliði á þeirra heimavelli þannig að við ákváðum að snúa þessu við og fara þéttir og varnararsinnaðir inn í leikinn og eiga þá svæðin til að sækja í,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, eftir leikinn.

„Mér fannst þetta ganga vel en þegar leið á leikinn þá vorum við komnir fullmikið í að verja markið okkar og þá var langt að sækja upp og það var þungt fyrir Helga og Marel. Við fengum sóknarfæri sem hefðu getað nýst,“ en sendingar Vals fram völinn voru færstar vænlegar til árangurs í síðari hálfleik.

„Við töluðum um það að láta þá



**KOMDU MEÐ BOLTANN** Marel Baldvinsson rifur hér í sinn gamla félag, Arnar Grétarsson, í leiknum í gær. FRÉTTAÐLAÐIÐ/ANTON

ekki ná stöðu inni á miðsvæðinu ef þeir næðu að fletja okkur út og miðjumennirnir okkar yrðu of djúpir. Það bjargaðist.“

„Þetta er frábært Blikaliði með góðar færslur á milli vængmanna og bakvarða og við lögðum upp með að loka á það og þrengja athafnasvæði þeirra miðjumanna. Mér fannst þetta takast mjög vel með mikilli vinnusemi og dugnaði,“ sagði Willum að lokum.

„Við fengum mikið pláss á okkar vallarhelmingi en nei, við fengum ekki mikið pláss í þessum leik, sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, í leiklok.

„Mér fannst við vera að finna lausn er leið á leikinn. Þá fórum við að spila boltanum í lappirnar á mönnum á milli miðju og varnar en þar fannst mér ákvarðanatökan vera vitlaus stundum. Við reyndum of flókna hluti.“

„Við hefðum getað skotið á markið til að reyna að fá þá fram- ar eða læða á milli þeirra sem gerðist einstaka sinnum en ekki nógu oft.“

„Fyrsta korterið var erfitt hjá okkur en við það að skora gátu þeir lagst aftarlega og varist mjög skipulega og þétt. Við þurftum að brjóta það á bak aftur en það tókst ekki,“ sagði Ólafur að lokum. - gmi

Flöskukastarinn frá Keflavík, Haraldur Bjarni Magnússon, er miður sín yfir atvikinu á KR-vellinum:

**Eitt af því fáa í lífinu sem ég sé virkilega eftir**

**FÓTBOLTI** „Ég veit ekki hvað ég var að spá. Þetta gerðist í einhverri bræði. Ég var ekki að reyna að hitta neinn, kastaði bara frá mér flöskunni í bræði,“ sagði Keflavík- ingurinn Haraldur Bjarni Magnússon sem varð uppvis á því að kasta hálfslítra kókflösku inn á KR-völinn á sunnudagskvöld. Hún lenti rétt hjá KR-ingnum Prince Rajcomar.

Tvö ljót atvik áttu sér stað í stúkunni því annar stuðningsmaður Keflavíkur kastaði flösku inn í áhorfendahóp KR og hafnaði flaskan í hnakkann á saklausri konu.

Haraldur Bjarni sá að sér um leið og hann kom heim um kvöldið og sendi þá frá sér afsökun-

arbeiðni á heimasíðu stuðningsmanna Keflavíkur.

„Ég sé alveg rosalega eftir þessu. Ég sé nú ekki eftir mörgu í lífinu en þetta er eitt af því sem ég sé eftir,“ sagði Haraldur en hvernig finnst honum að ætti að refsa sér fyrir atvikinu?

„Ég tek þeirri refsingu sem ég fæ þegjandi. Ég er samt fullur iðrunar. Þetta er í fyrsta skiptið sem ég verð uppvis að slíkri hegðun á völinum og er yfirleitt þrúður á völinum. Ég get lofað því að slíkt kemur ekki fyrir aftur,“ sagði Haraldur fullur iðrunar.

Stuðningsmenn Stjörnumannar urðu uppvisar að slæmri hegðun á heimavelli Keflavíkur um daginn og voru Keflavíkingar fljóttir

á fordæma hegðun Stjörnumannanna. Þeir minntust ekki einu orði á hegðun sinna manna á heimasíðu sinni fyrr en seint í gærkvöldi.

„Við getum ekkert við þessu gert nema beðið okkar fólk um að sýna stilling. Það er ekki hægt að halda í höndina á öllum stuðningsmönnum. Mér finnst samt ekkert sameiginlegt með þessu atviki og atviki Stjörnumanna. Þá var hópur búinn að æfa niðsöng um leikmann en þarna missir aðili stjórna á sér,“ sagði Þorsteinn Magnússon, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur. „Við lítum málið alvarlegum augum en höfum ekki rætt hvort við gerum eitthvað í málinu. Ég mun samt ræða við drenginn.“ - hbg



**Í KEFLAVÍK** Stuðningsmenn Keflavíkur klappa fyrir stuðningsmönnum sínum. FRÉTTAÐLAÐIÐ/DANIEL

# Til hamingju!



Þann 16. júní 1984 unnu Frakkar sögulegan sigur á Belgum 5 – 0 í A-riðli heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu á leið sinni á toppinn. Danir unnu þá einnig Júgóslava með sömu markatölu.

Eftirminnilegasta þrumusendingin þennan dag átti sér hins vegar stað hér heima á Fróni. Íslenskir gleði-, söng- og íþróttaaðdáendur fengu þá Ölver í opið fangið! Sigurgleði Frakka dó fljótlega út en fögnuður Íslendinga stendur enn.

Og ef einhverntíma er tilefni til að gera sér glaðan dag er það nú 25 árum síðar!

*Við óskum Ölveri innilega til hamingju með afmælið*

Ölver býður viðskipta-  
vinum sínum í  
afmælisveislu í dag  
kl. 17.00 - 20.00



> Joely Fisher

„Ég er ekki hrifin af því að þurfa að neita mér um mat og vera föst í megrunarfangelsi en útlitið skiptir máli í minni vinnu og það er hroki að halda öðru fram.“

**Fisher leikur Joy Stark í þættinum 'Til Death sem Stöð 2 sýnir í kvöld.**



# dagskrá



**VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON AFSKRIFAR UNANFARINN ÁRATUG**

## Svo mörg voru ár raunveruleikasjónvarpsins

Nú er nóg komið. Stöð 2, þú sem ég deili frímínútum mínum með heima í stofu um kvöldin síð, þú sem næringu færir og styttr lífs míns dægur, nú ertu farin að fara í taugarnar á mér. Af einhverjum ástæðum sem mér eru ókunnar hefur þú síðustu vikurnar ekki getað látið eitt auglýsingahlé hjá líða án þess að troða upp á mig kynningu á „raunveruleika“-þættinum So You Think You Can Dance?, sem ég mun hér eftir nefna SYTYCD? til hægðarauka. Ó, SYTYCD?. Skelfilegi, skelfilegi SYTYCD?. Ég held ég verði að taka mér greinaskil til að anda áður en ég ræði um þig frekar.

Jæja þá. SYTYCD? var það. Svo ég byrji á byrjuninni verð ég að segja að ég er ekki saklaus. Ég lét fallerast af Survivor-þáttunum upp úr aldamótum, enda mörkuðu þeir tímamót í sjónvarps-sögunni. Raunveruleikaþættir. Hugsa sér. Fólkið í þáttunum var ekki leikarar. Það þurfti í alvörinni að búa vikum saman á óbyggðri strönd, reisa sér skýli og veiða sér til matar. Svo voru haldnar



**SYTYCD?** Vonandi er þessi þáttur síðasta orðið í raunveruleikasjónvarpi.

kosningar í lok hvers þáttar, einhver fór heim og í enda seríunnar vann einhver milljón dollara. Hrári verður raunveruleikinn varla. Svo spruttu upp fjölmargir þættir að fyrirmynd Survivor.

Í draumi sérhvers þáttar er hins vegar fall hans falið. Raunveruleikasjónvarpið varð fyrir þeirri ógæfu að ná gríðarlegum vinsældum. Allt í einu var orðið ómögulegt að gera þátt um nokkurn hlut nema keppt væri um friðhelgi, sérfræðinganefnd gagnrýndi störf þáttakenda og svo væri þeim hent út einum af öðrum. Svo þynntust hugmyndirnar og áður en við vissum

af voru klósettþríf orðin sjónvarpsefni. Og svo kom SYTYCD?, sem er vonandi síðasta orðið í raunveruleikasjónvarpi. Afleitt þunnildi þar sem dómarar glenna sig og sperra í tilgerð en líta samt út eins og þeir séu að sofa. Nú er áratugurinn langt kominn og vonandi að SYTYCD? marki endalok raunveruleikasjónvarpsins. Stöð 2, heyf mína bæn. Komdu með eitthvað annað.

### PRÍÐJUDAGUR

**17.40 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA

**20.00 Scoop** STÖÐ 2 BÍÓ

**20.45 Bones** STÖÐ 2

**21.00 Stylista** SKJÁREINN

**21.25 Íslenska golfmótaröðin** SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leidarljós**  
**17.20 Tákn málsfréttir**  
**17.30 Matta föstra og imynduðu vinirir hennar** (46:53)  
**17.55 Þessir grallaspóar** (3:26)  
**18.00 Hróturinn Hreinn** (26:35)  
**18.10 Íslenski boltinn** Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fót-bolta. (e)  
**19.00 Fréttir**  
**19.30 Veðurfréttir**  
**19.35 Gríman 2009** Bein útsending frá afhendingu Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna.  
**21.25 Íslenska golfmótaröðin** Þáttaröð um Íslandsmótíð í golfi.  
**22.00 Tíufréttir**  
**22.15 Veðurfréttir**  
**22.25 Raðmorðinginn 5 - Kvalost** (Messiah 5 - The Rapture) (1:2) Spennu-mynd í tveimur hlutum sem fjallar um rannsóknarlögglummanninn Joseph Walker og samstarfsfólk hans sem eiga í höggi við snarbiladán morðingja. Aðalhlutverk: Marc Warren, Marsha Thomason, Daniel Ryan, Rory Kinnear og Nina Sosanya.  
**23.20 Ríki í ríkinu** (The State Within) (7:7) Breskur spennu-myndaflokkur í sjö þáttum. Flugvél springur í flugtaki í Washing-ton og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum og virðist engum geta treyst. Aðalhlutverk: Jason Isaacs, Ben Daniels, Neil Pearson og Sharon Gless.

### BÍÓ

**00.10 Dagskrárlök**

**06.25 Last Holiday**  
**08.15 Music and Lyrics**  
**10.00 Shrek**  
**12.00 Scoop**  
**14.00 Last Holiday**  
**16.00 Music and Lyrics**  
**18.00 Shrek**  
**20.00 Scoop** Blaðakona fær á dularfullan hátt, upplýsingar um óupplýst morðmál og hefst handa við rannsókn málsins.  
**22.00 The Things About My Folks**  
**00.00 Into the Blue**  
**02.00 Breathtaking**  
**04.00 The Things About My Folks**  
**06.00 Blades of Glory**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 1** Áfram Diego Afram!, Tommi og Jenni og Krakkamir í næsta húsi.  
**08.15 Oprah**  
**08.55 Í fínu formi**  
**09.10 Bold and the Beautiful**  
**09.30 Doctors** (12:25)  
**09.55 Doctors** (13:25)  
**10.20 Cold Case** (15:23)  
**11.05 Gossip Girl** (3:18)  
**11.50 Grey's Anatomy** (10:24)  
**12.35 Nágrannar**  
**13.00 Hollyoaks** (212:260)  
**13.25 The Dive from Clausen's Pier**  
**15.05 Sjáðu**  
**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Kalli og Lóa og Áfram Diego Afram!  
**17.08 Bold and the Beautiful**  
**17.33 Nágrannar**  
**17.58 Friends** (20:24)  
**18.23 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.47 Íþróttir**  
**18.54 Ísland í dag**  
**19.24 Veður**  
**19.35 The Simpsons** (8:25)  
**20.00 Notes From the Underbelly**  
**20.25 'Til Death** (3:15) Brad Garrett leikur óþolandi nágranna sem gekk endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flutti í næsta hús við hann. En svo tókst með þeim hjónum ágætis vinskapur þrátt fyrir hve ólík þau eru.  
**20.45 Bones** (15:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð er til ráðgjafar í allra flóknuasta morð-málum.  
**21.30 Little Britain 1** (8:8) Stöð 2 rifjar nú upp þættina með þeim félögum Matt Lucas og David Williams.  
**22.00 Gavin and Stacey** (5:6) Breskir gamanþættir um Gavin og Stacey, sem kynntust í gegnum vinnuna en eru nú ástfangin upp fyrir haus.  
**22.25 The Sopranos** (20:26)  
**23.20 The Aviator**  
**02.05 Auddi og Sveppi**  
**02.45 The Closer** (8:15)  
**03.30 Lie to Me** (1:13)  
**04.15 The Dive from Clausen's Pier**  
**05.45 Little Britain 1** (8:8)

### SPORT

*besta sætið*

**07.00 Breiðablik - Valur** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.  
**16.50 Breiðablik - Valur** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.  
**18.40 Pepsímörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttfréttamönnum Stöðvar 2 Sport.  
**19.40 Barcelona - Man. Útd** Útsending frá úrslitaleiknum í Meistaradeild Evrópu.  
**21.35 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi við-ureignir skoðaðar.  
**22.05 PGA Tour 2009 - Stanford St. Jude Championship** Sýnt frá hápunktun- um á PGA mótaröðinni í golfi.  
**23.00 UFC Live Events 1** Sýnt frá UFC Live Events þar sem margir af snjöllustu bar-dagamönnum heims mættu til leiks.  
**01.00 NBA 2008/2009 - Finals Games** Bein útsending frá leik Lakers og Orlando í úrslitarmunni í NBA.

### SPORT 2

*enski boltinn*

**07.00 Brasilía - Egyptaland** Útsending frá leik í Álfukeppninni.  
**19.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.  
**19.30 Goals of the Season 2000/2001** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvals- deildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.  
**20.30 PL Classic Matches** Aston Villa - Liverpool, 1998. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.  
**21.00 PL Classic Matches** Man United - Chelsea, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.  
**21.30 Brasilía - Egyptaland** Útsending frá leik Brasilíu og Egyptalands í Álfukepp- ninni.  
**23.10 Bandaríkin - Ítalía** Útsending frá leik Bandaríkjanna og Ítalíu í Álfukeppninni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**  
**08.00 Rachael Ray** (e)  
**08.45 Óstöðvandi tónlist**  
**17.15 America's Funniest Home Videos** (35:48) (e)  
**17.40 Rachael Ray**  
**18.25 The Game** (11:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í amerískra fótboltaum.  
**18.50 This American Life** (6:6) (e)  
**19.20 Family Guy** (2:18) (e)  
**19.45 Everybody Hates Chris** (3:22) (e)  
**20.10 The Biggest Loser** (21:24) Banda- rísk raunveruleikaséria þar sem fitubollur berjast við bumbuna.  
**21.00 Stylista** (3:9) Hér keppa efni- legir stílistar um eftirsóttu stöðu hjá tískutímatinu Elle. Keppendumir þurfa að halda afmælisveislu fyrir frænkun yfirdóm- arans, Anne Slowey. Síðan þurfa þeir að velja mæðgur úr hópi gestanna til að nota í myndþætti fyrir blaðið.  
**21.50 The Dead Zone** (2:13) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Þegar Johnny hittir nýja lögreglustjóran í Cleaves Mills fær hann sýnir þar sem kvenkyns sál- fræðingur er skotinn og ákveður að grafast fyrir um sálfræðinginn.  
**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (59:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lyga- laupa með öllum tiltækum ráðum.  
**23.10 CSI** (22:24) (e)  
**00.00 Flashpoint** (5:13) (e)  
**00.50 Óstöðvandi tónlist**

**INN**

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafn- Jónssonar. Umræður um pólitík líðandi stundar.  
**21.00 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.  
**21.30 Grasróttin** Guðfríður Lilja Grétars- dóttir viðrar skoðanir vinstri græna.

**Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

**OMEGA**  
Dagskrá allan sólarhringinn.

FYRIR

EFTIR

— FYRIR ALLA SEM ELDA —

**NÝJAR UMBÚÐIR**  
Matreiðslurjómi hefur fengið nýtt útlit

**FERSKUR RJÓMI Í ENN FERSKARI UMBÚÐUM**

Matreiðslurjómi er lykillinn að góðum sósum og súpum. Í eftirrétti, mjólkurhringinga og búðinga hentar matreiðslurjómi vel sem fituminni valkostur við hefð- bundinn rjóma. Út á ávaxtagrautinn er matreiðslu- rjómi ómissandi. Hvernig sem hann er notaður kórónar matreiðslurjómi matseldina.

**ms.is/gottimatinn**

Rösfingraður rjómi leikur við bragðlaukana

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Notes From the Underbelly

Frá framleiðendum Two and a Half Men og Barry Sonnenfeld, leikstjóra þáttanna Pushing Daisies og bíómyndanna Get Shorty, Men in Black og The Addams Family, kemur önnur röð af gamanþáttum þar sem dregnar eru fram allar fyndnustu hlíðarnar á barneignum og barnauppleldi. Í fyrstu þáttaröðinni eignuðust Andrew og Lauren sitt fyrsta barn eftir ansi skrautlega meðgöngu en nú fyrst byrjar ballið – sjálft uppeldi. Og það er alls enginn barnaleikur.



▶ VIÐ MÆLUM MED Gríman 2009, beint Sjónvarpið kl. 19.35

Sjónvarpið sýnir beint frá Grímunni, árlegri uppskeruhátíð sviðslista í kvöld. Þetta er í sjöunda sinn sem Gríman er veitt og fer hátíðin fram að þessu sinni í Borgarleikhúsinu. Veitt verða verðlaun fyrir leikárið 2008-9 í alls sautján flokkum auk þess sem veitt verða heiðursverðlaun fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu sviðslista. Kynnar hátíðarinnar eru Edda Björg Eyjólfssdóttir og Jóhann G. Jóhannsson.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.50 Bæn
- 07.03 Morgunvaktin heldur áfram
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Óvissuferð - allir velkomnir
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Heimsendir í skáldverkum
- 15.03 Útvarpsagan: Sumar í Sóltúni
- 15.25 Þriðjudagsdjass
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Sumarraddir
- 21.20 Trompetmeistarar sveiflunnar
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Sólón Islandus
- 23.00 Gatan mín
- 23.35 Kvöldtónar
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.45 Hollyoaks (211:260)
- 17.15 Hollyoaks (212:260)
- ▶ 17.40 Ally McBeal (5:21) Það fer allt í háaloft þegar Ally ákveður að halda teiti í til-efni þakkargjörðardagsins þar sem ekkert samband á möguleika.
- 18.25 Seinfeld (12:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með að eiga eðlileg samskipti við annað fólk.
- 18.45 Hollyoaks (211:260)
- 19.15 Hollyoaks (212:260)
- 19.40 Seinfeld (12:13)
- 20.15 Grey's Anatomy (12:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 22.00 So You Think You Can Dance (1:23) Keppnin í ár verður með svipuðu sniði og þær fyrri. Allt byrjar þetta á prufunum sem fara fram í fjórum borgum en svo verður haldið til í Las Vegas og skorið niður þar til eftir eru sex stelpur og sex strákar.
- 23.30 Perfect Day - The Funeral Rómantísk og gamansöm sjónvarpsmynd í þremur hlutum. Þriðja myndin The Funeral gerist ári á eftir The Wedding þegar einn úr vínahópnum fellur skyndilega frá.
- 01.05 Entourage (7:12)
- 01.35 Sjáðu
- 02.05 Ally McBeal (5:21)
- 02.50 Grey's Anatomy (12:24)
- 03.35 Fréttir Stöðvar 2
- 04.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

- 11.50 After You've Gone 12.20 The Weakest Link 13.05 EastEnders 13.35 My Hero 14.05 My Hero 14.35 After You've Gone 15.05 The Inspector Lynley Mysteries 15.55 The Inspector Lynley Mysteries 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Hero 18.30 After You've Gone 19.00 Extras 19.30 Rob Brydon's Annually Retentive 20.00 Waking the Dead 20.50 My Hero 21.20 After You've Gone 21.50 The Inspector Lynley Mysteries 22.40 The Inspector Lynley Mysteries 23.30 Extras

DR 1

- 11.00 Sommerminder 11.30 Forandring på vej 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Chapper & Phartar 14.15 S, P eller K 14.30 Ninja Turtles. Tidsrejse! 14.50 Jungletrommer 15.00 Store Nørd 15.30 Lille Nørd 16.00 Dig og mig 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Mig og min alder 18.00 Ønskehaven 18.30 Reddet af en gris 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Lewis 21.35 Dødens Detektiver 21.55 Boogie Mix

NK1

- 14.00 NRL Nyheter 14.10 Kjærlighet på bondelandet 15.00 NRL Nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Harry - seks år og kokkelaering 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelbymysteriene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Grønn glede 17.55 Skjergardsmat 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Pyramidenes hemmelighet 20.20 Extra-trekning 20.30 Safari 21.00 Kveldsnytt 21.15 Begravelse med utsikt 22.50 Si ja, bli min 23.20 Kulturnytt 23.30 Jazz jukeboks

SVT 1

- 10.00 Rapport 10.05 Ugglor i påsen 10.30 Med huvudduk och höga klackar 11.45 Vi två 13.15 The Bedford Dianas 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Pistvakt 15.25 Sjukan 15.55 Anslagstavlan 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Allt ljus på 16.55 Cirkusliv 17.25 Anslagstavlan 17.30 Rapport med A-ekonomi 17.50 Regionala nyheter 18.00 Måklarna 18.30 Vem tror du att du är? 19.30 Normal 21.25 Nip/Tuck 22.10 Hammarkullen 23.10 Sändningar från SVT24

# SO YOU THINK YOU CAN DANCE

## SJÓÐHEITT DANSFESTIVAL!



Phlex - heitasti danshöfundur L.A. - einungis 25.-26.júní!


Í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Allt það nýjasta frá N.Y. og L.A. 100% DANSGLEÐI lofað!! Námskeiðin eru fyrir ALLA Ekki missa af einstöku tækifæri!!

PHLEX hefur samið fyrir So You Think You Can Dance? MTV's America's Best Dance Crew, MTV Dancelife, Billboard Music Awards og The Wade Robson Project. Vinnur með Britney Spears að "Circus" World Tour og samdi dansa við nýjasta myndbandið "If you seek Amy". Danshöfundur Beyonce fyrir "I Am" World Tour, Nelly & the St. Lunatics, Lil Jon, J Kwon, Chingy og fjölda annarra.

Þeir sem skrá sig á sumarnámskeiðin njóta sérkjara á Dansfestivalið með PHLEX

DANSGLEÐI Í SUMAR HEFST 29.JÚNÍ!

Jazzfunk | Street | Hip Hop | Magadans | Freestyle | Barnadansar



Vertu með frá byrjun og komdu þér í glimrandi form fyrir sumarið!

Fjöldi 10 vikna námskeiða í boði - kröftugir tímar við nýjustu danstónlistina!

Aldursflokkar:

7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára, 20-24 ára, 25-30 ára, 35 +

Sjóðheitir tímar við nýjustu danstónlistina!

Vertu í Glimrandi Dansformi í SUMAR!

Fjölbreyttir, metnaðarfullir og vandaðir dansstímar hjá kröftugu Dansliði. Danskennarar eru þaulreyndir dansarar, danshöfundar og kennarar, sem hafa unnið til fjölda Íslandsmeistartitla í sinni grein!

SKRÁÐU ÞIG NÚNA! [dancecenter.is](http://dancecenter.is)

Nánari upplýsingar fást á [dancecenter.is](http://dancecenter.is) og facebookgrúbbu DanceCenter Reykjavík. Einnig er hægt að senda tölvupóst á [info@dancecenter.is](mailto:info@dancecenter.is) eða í 861 5658 hjá DanceCenter Reykjavík.

DANSLIÐ So You Think You Can Dance? kemur sérstaklega á vegum:



[www.dancecenter.is](http://www.dancecenter.is)

DANSGLEÐI með:



ICELANDAIR



SAMSKIPTI prentlausnir fyrir skapandi fólk

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



Ég hlusta oftast bara á það sem er í græjunum í tækjasalnum hverju sinni. Annars hlusta ég mikið á U2 og gamla íslenska klassík.

Anna Sólveig Smáradóttir, sjúkraljálfi og Stott Pilates-kennari.

## Tvær gítarhetjur starfa saman

Gítarleikarar úr tveimur af þekktustu hljómsveitum landsins, SSSól og Í svörtum fötum, starfa saman í versluninni Sense Center í Kringlunni. Um er að ræða félagana Eyjólf Jóhannsson og Hrafnkel Pálmarsson sem hafa starfað þar saman í tvö ár.

Verslunin býður upp á allt sem viðkemur hljóð- og myndlausnum og eru þeir Eyjólfur og Hrafnkell því á heimavelli þar. „Þarna sameinum við kannski þessi áhugamál. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tækni og tækjum. Við erum báðir gítarleikarar og það fylgir okkur alltaf aragrúi af tólum og tækjum, þannig að þetta er alveg náteigt,“ segir Hrafnkell, meðlimur Í svörtum fötum. Kollegi hans Eyjólfur á langan feril að baki

með SSSól og segir Hrafnkell gaman að vinna með honum, enda sé hann gamalt átrúnaðargoð úr tónlistarbransanum. „Mér hefur alltaf þótt mikið til Eyjó koma sem poppgítarleikara.“

Í vinnunni skiptast þeir stundum á sögum úr bransanum, enda af nægu að taka. Engin áform eru samt uppi um að þeir semji eitthvað saman. „Við látum duga í starfsmannapartíum að kyrja einhverja vel valda slagara. Það er nauðsynlegt og það veitir öllum gleði að syngja saman.“

Báðir ætla þeir að spila með hljómsveitum sínum í sumar og hver veit nema þeir leiði saman hesta sína á einhverju ballinu og rifji upp takta sína úr starfsmannapartíunum, áheyrendum til yndisauka. - fb



MEÐ GÍTARANA AÐ VOPNI Gítarleikararnir Eyjólfur Jóhannsson og Hrafnkell Pálmarsson vinna saman í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. sótt, 6. hæð, 8. árstíð, 9. reglur, 11. skóli, 12. fótmál, 14. land í Asíu, 16. mun, 17. gljúfur, 18. fiskur, 20. núna, 21. krafs.

## LÓÐRÉTT

1. elds, 3. átt, 4. örvandi efni, 5. sarg, 7. undirstaða, 10. æxlunarkorn, 13. gröm, 15. innileikur, 16. fúsk, 19. fingerð líkamshár.

## LAUSN

LÖBÐRÉTT: 1. bális, 3. sv, 4. koffein, 5. úrg, 7. sökkull, 10. gró, 13. erf, 15. alíð, 16. kák, 19. íð. LÁRÉTT: 2. óskú, 6. ás, 8. vor, 9. lög, 11. fgr, 12. skref, 14. kóra, 16. ku, 17. gíl, 18. áll, 20. nú, 21. klór.

**Gerðu góðverk í dag**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is



HJARTNÆM SENA Tökulið féll á tár þegar síðasta atriðið í Mömmu Gógó var tekið upp í Skagafirðinum. Skagfirska sólarlagið lék við þau Kristbjörgu Kjeld og Gunnar Eyjólfsson þegar þau horfðu út á Drangey í öllu sínu veldi.

GUÐRÚN EDDA: TÖKULIÐ FANGAVAKTARINNAR Í MÖMMU GÓGÓ

## Tár féllu á síðasta tókudegi

„Sko, þetta er pínulíðið flókið. En við leikum sem sagt tókuliðið hans Hilmis Snæs í bíómynd sem hann er að leikstýra í kvikmyndinni Mömmu Gógó,“ segir Ragnar Bragason, leikstjóri Fangavaktarinnar.

Eins og greint var frá á forsíðu Fréttablaðsins voru tókulið sjónvarpsþáttarinn Fangavaktin og tókulið kvikmyndarinnar Mömmu Gógó stödd á nánast sama fermetranum við Suðurgötu. Föruneyti Mömmu Gógó var að taka upp atriði þar sem ein af aðalpersónum myndarinnar, Hilmir Snær, er að leikstýra eigin kvikmynd. Hins vegar sárvantaði tókuliði til að leika í smá

atriði og að sögn Ragnars voru menn fljótir að hugsa. Og ákváðu að nýta bara tókulið Fangavaktarinnar í umrædda senu. „Því miður þurfti leikarinn sem ég var að vinna með að þjóta þannig að ég tók þetta bara á mig og lét lögguna elta mig,“ útskýrir Ragnar sem mun því, að öllum líkindum, bregða fyrir í mýflugumynd í Mömmu Gógó ásamt eigin tókuliði.

Tökum á Mömmu Gógó lauk hins vegar í Skagafirðinum á föstudagskvöldið. Og þá tóku tilfinningarnar öll völd. „Við áttum alveg gullfallega stund fyrir norðan, fengum veður eftir þóttun, það var bara eins og almættið

hefði blessað okkur,“ segir Guðrún Edda Þórhannesdóttir, framleiðandi myndarinnar. Og að hennar sögn féllu ófá tár þegar aðal-leikararnir, Gunnar Eyjólfsson og Kristbjörg Kjeld, sátu í skagfirska sólarlaginu í lokaatriðinu. „Þetta var alveg ótrúlegt, menn grétu yfir þessari senu. Bókstaflega. Og svo var bara skálad í sumar-nóttinni og góðu verki fagnað,“ segir Guðrún. Mamma Gógó fer nú í klippiherbergið en Guðrún segir enn ekki ákveðið hvenær hún verður frumsýnd. „Septemb-er kemur alveg til greina en það er kannski aðeins af knappur tími fyrir okkur. Við sjáum bara til.“

freygigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hin virta fréttasjónvarpsstöð CNN birti nýverið nokkuð ítarlegt viðtal við fatahönnuðinn **Steinunni Sigurðardóttur**. Viðtalið er hægt að nálgast á heimasíðu stöðvarinnar. Þar er fjallað um Steinunni og landið hennar Ísland og þess getið að þrátt fyrir efnahagslæggðina sem nú ríki í Reykjavík láti Steinunn ekki deigan síga og haldi ótrauð áfram að hanna fót sem skirskoti til hinnar íslensku náttúru. Svo mörg voru þau orð frá Ameríku.



Jón Ólafsson, vatnskóngur með meiru, var í feiknaformi um helgina. Hann var mættur í Officera-klúbbinn og hlustaði á eftirlætishljómsveitina sína, SSSól, á laugardagskvöld. Jón hefur augljóslega ákveðið að mála Ísland rautt því til hans sást á karóki-klúbbi í miðbæ Reykjavíkur

á föstudagskvöld þar sem hann gluggaði í laga-lista. Ekki fylgir þó sögunni hvort Jón hafi tekið lagið þótt slíkt hefði eflaust slegið í gegn hjá fjölmörgum gestum staðarins.

Og vefsíðan Skagafjordur.com greinir frá því á vefsíðu sinni að fjöldi áhugaleikara í Skagafirði hafi mætt í áheyrnarprufur fyrir kvikmyndina Rokland. Myndin er byggð á frægri skáldsögu Hallgríms Helgasonar en leikstjóri er Marteinn Þórsson og með hlutverk bloggarans Bödda fer **Ólafur Darri**.

Samkvæmt vefsíðunni mættu sextíu áhugaleikarar í prufur með þann draum í maganum að fá að leika á móti stórleikaranum.

- fgg

## Bankahrun hjá EVE Online

„Það er hægt að læra margar lexíur í EVE sem kosta ekki mikið,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP. Heimasíða New York Times birti grein um banka sem fór á hausinn í íslenska tölvuleiknum EVE Online eftir að bankastjórinn Ricdic stakk af með hluta af innstæðunni og seldi á svörtum markaði fyrir alvöru peninga. Eftir sitja innstæðueigendurnir með sárt ennið.

Hilmar Veigar segir að erfitt sé að líkja þessu við íslenska bankahrunið enda sé EVE Online einungis tölvuleikur. „Bankahrunið er náttúrlega alvörumál eins og við þekkjum kannski manna best en þetta er náttúrlega partur af því sem mönnum er leyft að gera í leiknum. Þeir brutu engar reglur með þessu,“ segir Hilmar. „Það hafa svona bankar komið og farið í EVE oft áður og við á engan hátt bökkum þessa banka upp. Þeir keyra sig áfram á því trausti sem þeir mynda sér. Í þessu tilfelli var einhver þarna sem braut traustið og þar af leiðandi hrynur bankinn. Það er áhættan sem menn tóku þegar menn fjárfestu í bankanum eða lögðu peninga í hann.“

Hilmar tekur fram að stjórnendur EVE séu hvorki með né á móti því sem gerðist, enda hafi þeir ekki yfir fjármálaeftirliti að ráða. „Þetta er í rauninni gott dæmi um hvað traust er mikilvægt í viðskiptum.



HILMAR VEIGAR PÉTURSSON Framkvæmdastjóri CCP vonar að notendur leikjarins sýni aðgát í fjárfestingum og dreifi áhættunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með því að leyfa þessum bönkum að húrta þá undirstrikum við að fólk þarf að treysta hvað öðru þegar það stundar viðskipti.“ Spurður hvort spilarar séu ekki óánægðir með að missa peninginn sinn segir Hilmar að það fari eftir því hversu mikið þeir áttu inni á reikningum. „Ég vona að fólk hafi sýnt einhverja aðgát í fjárfestingum og sé ekki með öll engin í einni körfu.“ - fb



Í Markaðnum á morgun

ÚTRÁSARVÍKINGUR Í ÞÚSUND MILLJARÐA KRÓNA SKULD.

AUGLÝSINGAR BANKANNA FALLA FÓLKI MISJAFNLEGA Í GEÐ.

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun



**TAL**



HEIMASÍMI



NET



GSM

**Allur Pakkinn**

frá **3.990 kr.** á mánuði

Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm

**6 vinir óháð kerfi**

Veldu 6 gsm eða heimasímanúmer fyrir 0 kr. mínútuna.



Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



**BAKÞANKAR**  
Ragnheiðar  
Tryggvadóttur

## Sumarið er tíminn ...

Sumarið er tíminn! segir í einhverjum dægurlagatextanum, til dæmis til að eignast börn. Mörgum finnst fátt sumarleggra en blómleg kona með barnavagn á göngu í sólinni. Það er eitthvað svo rómantískt og tilheyrandi að sjá ungvíðið á ferðinni um vor og sumar þegar allt er að vakna til lífsins og gróður í blóma. Fuglasöngurinn ómar í eyrum og það er hreinlega eins og sólin geti bara ekki horfið bak við ský.

NÚ er ég ein af þessum konum. Ég get þó ekki tekið undir þetta með blómlegheitin þegar ég, ósofin og úrill í æfingabuxum, hendist áfram með barnavagninn í veikri von um að barnið sofni einhverjar mínútur svo ég geti fleygt mér á næsta bekk og dottað. Ég sé í hillíngum að sofna smávegis í hlýrri sumarsólinni á grasbala með ljúfan fuglasönginn í eyrunum. En því er ekki að heilsa. Sumarið er nefnilega tíminn sem notaður er til ýmissa annarra verka.

**HVAR** sem ég er á ferðinni eru gulvestaðir bæjarstarfsmenn ýmist að skafa upp malbik með tilheyrandi hávaða eða slétta yfir malbik með enn meiri hávaða. Gangstéttir eru sagaðar niður, múr brotinn af veggjum og svifryksmengun fer yfir öll öryggismörk. Við þetta bætist að nágrannarnir standa í stórkostlegum endurbótum á húsinu sínu og organdi steinsögin smýgur gegnum merg og bein. Hvell hamarshögginn klingja á hlustinni, svo það er ekki um það að ræða að lúra í garðinum heima.

**ÉG** æði því af stað undan hávaðanum, dragandi augnlokin á eftir mér. Einhvers staðar hlýt ég að komast í var. Á horninu hafa unglíngar safnast saman við sjoppuna. Bíll stendur með allar dyr opnar og dúndrandi rapptónlistin hefur verið hækkuð í botn. Sumarið er tíminn til að hlusta á tónlist. Ég hristi vagninn vel svo barnið vakni ekki meðan ég er að komast fyrir hópinn. Ég er þó ekki fyrr komin fram hjá unglíngunum en þrumandi mótörhjól keyra hjá. Ekki bara eitt, heldur heilt mótörhjólateggi. Sumarið er víst líka tíminn fyrir riddara götunnar.

**GARÐSLÁTTUVÉLARNAR** orga í öðrum hverjum garði, krakkar öskra í eltingaleik og sjöttíu „syngjandi“ leikskólabörn þramma, merkilega þungstífi, í halarófu á eftir mér. Sumarið er tíminn til svo margra hluta, bara ekki til að sofa.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er þriðjudagurinn 16. júní, 167. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 2.57	13.28	0.07
Akureyri 1.39	13.13	0.51

Heimild: Almanak Háskólans



## HÁGÆÐA AMERÍSK FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM Á 30% AFSLÆTTI

Í Rekkjuni færðu hágæða amerísk fjölstillanleg rúm við þitt hæfi, allt frá einföldustu rúmunum upp í rúm sem standast væntingar hinna kröfuhörðustu, t.d. með færanlegum sleða í botninum (sem gerir þér kleift að nýta ljósið frá náttlampanum í öllum stillingum), þráðlausri upplýstri fjarstýringu, nuddi með minni, straumrofi við mótör, minni á uppáhaldsstillingu o.fl.

Þegar velja skal rétta dýnu í stillanlega rúmið finnurðu hana í Rekkjuni.

Úrvalið er mikið; þrýstijöfnunarsvampsdýnur, pokagormadýnur og hágæða dýnur úr Talalay-Latexi með áklæði úr lífrænt ræktuðum bómul o.fl. Sjón er sögu ríkari.

### S-Cape

- S-Cape er einn öflugasti færanlegi stillanlegi botninn í dag.
- Botninn er á sleða svo þú nýtir ljósið á náttbordinu.
- Allt í grindinni, sem ekki er úr stáli, svo sem festingar, fíðringar og líðamót, er úr næloni.
- Hjóðlátir og öflugir mótörar.
- 3 mm tvíhert stálgrind undir botninum.
- Tveir mótörar, einn fyrir fætur og annar fyrir bæk - mikill kraftur og styrkur.
- Ljós er í fjarstýringunni svo hægt sé að nota hana í myrkri, einnig er fjarstýringin þráðlaus.
- Nudd er í botninum sem örvar blóðrásina og minnkar þjágmyndun á líkamanum.
- 10 ára ábyrgð á mótör og 12 ára ábyrgð á grindinni.
- Hægt er að vista sína uppáhaldsstöðu á rúminu og eru 3 vinsælar stöður þegar vistadar.
- Litill sem enginn straumur er á mótörnum þegar ekki er verið að ýta á takka á fjarstýringu.
- Ef ralmagn skilði fara af heimilinu þegar þú ert í uppréttri stöðu fer rúmið sjálfkrafa niður í svefnstöðu.



**S-CAPE**  
Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)  
Verð frá 821.114 kr.  
**Verð nú frá 574.480 kr.**

**WALLHUGGER**  
Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)  
Verð frá 676.114 kr.  
**Verð nú frá 473.279 kr.**

## ÞRÝSTIJÖFNUNARSVAMPSRÚM

**30% AFSLÁTTUR**



**ÞRÝSTIJÖFNUNAR-SVAMPSRÚM**  
(Queen size 153x203)  
Verð frá 185.500 kr.  
**Verð nú frá 115.850 kr.**

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

**rekkjan**